



Engin leið út

Saga innflytjenda og afkomenda þeirra í úthverfum stórborga
Frakklands

Unnur Björk Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Engin leið út
Saga innflytjenda og afkomenda þeirra í úthverfum stórborga
Frakklands.

Unnur Björk Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Stefanía Óskarsdóttir

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Unnur Björk Gunnlaugsdóttir 2013
1706892759

Reykjavík, Ísland 2013

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður fjallað um aðstöðu afkomenda innflytjenda í frönsku samfélagi og hvernig er orðið fyrir þeim. Hvernig þeim hefur verið ýtt til hliðar í úthverfi utan við meginstraum fransks samfélags. Sérstaklega á þetta við um þá eru af Norður-Afrískum uppruna. Farið verður í sögu innflytjenda inn í Frakkland frá því á seinni heimstyrjöldinni til dagsins í dag. Hvernig húsnæðishverfi voru byggð upp á skömmum tíma á ódýrum lóðum utan við stórborgirnar til að svara húsnæðisvandaum sem að ríkti eftir stríðin. Með þremur nýjum kynslóðum innflytjenda sem fæðst hafa í Frakklandi og hefur þeim af einhverjum ástæðum illilega tekist að aðlaga sig í samfélagið. Talað um það hvernig reiði hefur hreiðrað um sig í hjörtum ungmennanna sem finna sér hvergi stað í samfélaginu þar sem að þeir eru ekki virðast ekki vera velkomnir. Reiði þessi hefur brotist út í óeirðum víðs vegar um landið. Atvinnuleysi, menntunarleysi og tækifærisleysi einkennir líf þessara einstaklinga. Að lokum verður greint frá því hvað stjórnvöld hafa verið að reyna að gera sem virðast benta til þess að verið sé að bæla þennan hóp niður. Með afnámi trúartákna er verið að brjóta á menningar og trúarlegum gildum múslimanna þar sem að það ríkir sterk hefð hjá þeim að bera þessi trúartákn.

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Með stjórnmálfræði sem aðalgrein og frönsk fræði sem aukagrein ákvað ég að leita ég því út fyrir landsteinana og skrifa um innflytjendur í Frakklandi og hvernig stjórnvöld hafa brugðist við málum þarna. Leiðbeinandinn að þessari ritgerð er Stefanía Óskarsdóttir sem var mér mikil hjálp í efnisvali og uppsetningu.

Mínar allar bestu þakkir vil ég skila til Ingunnar Björgar Arnardóttur, móður minni fyrir alla þá hjálp sem að hún veitti mér með við yfirlestur, uppsetningu og hvatningu.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
1. Hugtök og rannsóknir	9
2. Innflytjendasaga Frakklands	13
2.1 Lok 19. aldar fram að seinni heimstyrjöld	13
2.2. Hópinflutningur eftir seinni heimsstyrjöldina	14
2.3. Les Trentes Glorieuses	15
2.4 Nafnlaus stríðið	15
3. Les Banlieuse - Hvað gerist þar?.....	18
3.1. Húsnæðislausnir	19
3.2. Húsnæðispiramíðinn.....	20
3.3. Misheppnað verkefni?	21
4. Samlögur og sálfsmynd.....	23
4.1. Aðgerðarlaus ungmennin...?	23
4.2. Tölfræðilegar staðreyndir um 2. og 3. kynslóð.....	24
4.3. Les Franciliens (íbúar Île-de-France).....	25
4.4. Menntunarstig og tækifæri til menntunar	25
4.5. Atvinnutækifæri íbúa <i>les Banlieues</i>	27
4.6. Sjálfsmynd afkomenda Innflytjenda	29
4.7. SOS Racisme.....	32
4.8. Óeirðir	33
5. Hver er stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda	35
Niðurstöður	37
Heimildaskrá	39

Inngangur

Í þessari ritgerð verður sjónum beint að afkomendum innflytjenda í Frakklandi. Fjallað verður um búsetu þeirra og einangrun í úthverfum stærstu borga Frakklands. Rætt verður hvernig uppbygging Frakklands eftir heimstyrjaldirnar tvær fór á rangan veg með bráðabirgðalausnum. Stór hópur innflytjenda fluttist allsstaðar af inn í landið til að ljá Frökkum hjálparhönd og koma landinu aftur á réttan kjöl. Með litlu húsnæðisframboði og auknum fjölda innflytjenda varð til mikið af skyndi hóbýlum í jaðri borganna, oft í formi hreysa. Yfirvöld töldu sig geta leyst þennan vanda með byggingu illa byggðra fjölbýlishúsa staðsettum á ódýrum lóðum rétt fyrir utan borgarmörk.

Með tímanum flyktust innflytjendur inn í þessi hverfi og festust þar og enn í dag komast þeir ekki úr vítahringnum sem þessi hverfi hafa myndað. Upplifun margra ungmenna og þá sérstaklega þeim sem eru af Norður-Afrískum uppruna er mikil einangrun þar sem fá tækifæri eru til að blandast frönsku samfélagi. Það heyrir til undantekninga ef einstaklingur sem er fæddur og uppalinn úr þessum hverfum kemst til metorða í samfélaginu eða jafnvel nái að klára háskólanám. Mikið vonleysi er að finna hjá þessum hópum og líta þeir svo á að yfirvöld horfi gjarnan framhjá þeim og vandamálum þeirra. Ungmenni úthverfanna búa við mikla mismunun á vinnumarkaði, skólakerfið virðist vera verra en gengur og gerist í Frakklandi og fáir nemendur ljúka stúdentsprófi.

Annað vandamál sem þessir hópar kljást við eru nánast ofsóknir af hálfu lögreglunnar. Þessi hverfi mæta yfirleitt afgangi í skipulagi frönsku lögreglunnar og er ungum og óreyndum lögregluþjónum gjarnan falið það verkefni að halda uppi lögum og reglu. Reynslulausu lögregluþjónarnir sjá oft á tíðum fáar aðrar lausnir en að bæla niður óspektir með ofbeldi (Jobard og Lévy 2011, 87-88).

Sá hópur sem verður hvað mest fyrir barðinu á mismunun eru þeir innflytjendur og afkomendur innflytjenda sem eru af afrísku bergi brotnu. Það virðist vera húðlitur, póstnúmer hverfis þeirra og framandi nöfn þeirra sem halda aftur af, aðallega, ungmennum og gera þeim erfitt fyrir í lífinu. Það er staðreynd að vandamál og óspektir ríkja í þessum úthverfum og hinn almenni borgari er almennt hræddur við bæði hverfin sem og íbúa þess. Endalausar óeirðir innan hverfanna má að hluta til rekja til vanmáttarkenndar og reiði

Íbúanna þar sem lífið og tækifærin hafa ekki verið þeim í vil. Erfiðleikar eru þó til að sigra þá og það hlýtur því að liggja í höndum stjórnvalda að reyna að bæta úr þessum málefnum. Það er ekki lengur hægt að segja að afkomendur innflytjenda flokkist sem innflytjendur eða minnihlutahópur. Þeir eru orðin stór hluti af frönsku þjóðinni og eru fæddir og uppaldir í Frakklandi og þekkja ekkert annað.

Þetta er áhugavert efni þar sem að vissu leyti mætti telja það brot á mannréttindum að ákveðinn hópur í velferðarríki á 21. öldinni fæðist inn í heim sem þennan. Þar sem tækifærin sem þeir fá í lífinu eru fá og stígurinn til árangurs er nánast ófær. Þeim hefur verið hótáð að séu þeir með óspektir við ríkisstarfsmenn verði þeir sviptir frönsku ríkisfangi (Telegraph 2010).

Að fjöldi fólks geti verið útskúfað á þennan hátt þegar að aðrir samlandar þeirra hafa tækifæri til að verða hvað sem þeir vilja. Það er erfitt fyrir stjórnvöld að vinna úr þessum málum og koma með lausnir. Það eru þó margir þættir sem spila inn í aðgerðarleysi yfirvalda. Þetta er krefjandi verkefni og pólitískur vilji breytist eins og gengur og gerist eftir því hvort hægri eða vinstri öfl stjórna landinu. Samlöggun innflytjenda og innfæddra gengur illa þar sem hinn almenni Frakki hefur lítinn áhuga á að flytja inn í hverfin og innflytjendurnir geta ekki flutt úr hverfunum sökum bágrar fjárhagsstöðu.

Skattgreiðendum þykir erfitt að sjá eftir skattpeningum sínum í atvinnuleysisbætur innflytjena, innflytjendabætur og uppbyggingu hverfa sem þeir eru ekki búsettir í. Þeir hafa ekki endilega áhuga á samlöggun innflytjenda og afkomenda þeirra inn í samfélagið enda hafa fordómar því miður færst í aukana eftir því sem árin líða (RFI 2013). Allir þessir þættir hindra stjórnvöld í að fara í róttækar aðgerðir til að greiða veg afkomenda innflytjenda inn í franskt samfélag. Löng saga hægri öfgaflokksins Front National hefur einnig mótað pólitískan jarðveg Frakklands þar sem að þeir hafa verið á móti því að fá innflytjendur inn í landið og sterk rök hafa komið gegn því. Frambjóðendur leitast ætíð eftir því að fá sem flesta kjósendur og því eru stefnur þeirra sjaldan í hag minnihlutahópa. Minnihlutahóparnir hafa því fáar og lágværar raddir. Því hínast ungmennin í úthverfunum og geta sér hvergi snúið til að komast úr eymdinni. Þetta er erfið staða fyrir hóp sem þennan því að hann lítur á sig sem franska borgara en Frakkar líta á hópinn sem innflytjendur og vandræðalýð. Endalaust mótlæti, erfiðleikar, fordómar og fátækt einkennir lífið í úthverfunum. Það verður því áhugavert að athuga og sjá hvað fór á rangan veg sem leiddi til þess að vegur innfæddra og innflytjenda klofnaði á þennan hátt. Hvað kemur í veg fyrir að afkomendum innflytjenda og þá sérstaklega þeim sem eru af Norður-Afrískum uppruna tekst ekki að blandast inn franskt

samfélag. Eru það stjórnvöld sem koma í veg fyrir það eða vill almenningur ekki samlagast þeim.

Aðferðarfræði þessarar ritgerðar er söfnun gagna með heimildaöflun. Lagt var af stað í þessa ferð með það að markmiði að öðlast sem bestan skilning á aðstæðum afkomenda innflytjenda í Frakklandi. Bæði er notast við ritrýndar greinar sem og fréttaumfjallanir og tölfræði upplýsingar um Frakkland frá frönsku tölfræðistofnuninni *Institut national de la statistiques et des études économiques*. Til að gefa sem besta mynd af nútímanum og hugsunarhætti bæði alþjóðapressunnar og heimamanna. Heimildirnar eru bæði á ensku og frönsku sem gefa haldbærari mynd af sjónarhornum beggja vegna viðfangsefnisins. Efninu verður gerð skil með eftirfarandi hætti þar sem í upphafi verður greint verður frá sögu innflytjenda í Frakklandi í áranna rás og lesandi verður leiddur áfram til að sjá uppbyggingu úthverfanna og ástand afkomenda innflytjenda innan þeirra. Að lokum verður rætt um hvernig stjórnvöld hafa ætlað sér að vinna úr þessum vanda.

Uppsetning ritgerðarinnar verður þannig að í upphafi verður hafist handa við að skýra kenningar og hugtök og hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á viðfangsefninu sem nauðsynlegt er að hafa að leiðarljósi þegar lesið er um efnið. Í öðrum kafla verður saga innflytjenda til Frakklands stuttlega reifuð og verður einblínt á tímabilið eftir seinni heimsstyrjöldina. Þriðji kafli greinir frá uppbyggingu Frakklands eftir seinni heimstyrjöldina og hvernig vandamál húsnæðisleysis og hreysismyndanir í útjöðrum stórborganna voru leyst með skammtímalausnum. Þessar skammtímalausnir hafa nú í dag skapað enn meiri vandamál sem erfitt verður að leysa og ágerast með tímanum. Í fjórða kafla verður kastljósinu beint að afkomendum innflytjenda. Um tækifærin sem aldrei koma til þeirra og þeir sitja fastir inni í úthverfum og tekst ekki að blandast inn í hið franska samfélag. Hvernig þeim tekst ekki að fá fullnægjandi menntun og afhverju enginn vill ráða þá til starfa. Í fimmta kafla verður farið í stjórn málafræðilegri nálganir á viðfangsefninu en eins og þær reglugerðir sem hafa verið samþykktar sem stríða gegn gildum ákveðinna hópa samfélagsins. Þeirra sem eru Íslamtrúar. Spurning hvort að stjórnvöld séu að reyna að bogra múslimum í burt eða hvort að þeir geri sér ekki grein fyrir afleiðingum sjálfsmyndar múslimanna þeirra og þá sérstaklega kvennastéttarinnar en hún virðist vera stærsta fórnarlambið. Að lokum í niðurstöðum verður reynt að svara rannsóknarsurningunni sem farið verður með í þetta ferðalag. Hvað kemur í veg fyrir að afkomendum innflytjenda og þá sérstaklega þeim sem eru af Norður-Afrískum uppruna tekst ekki að blandast inn franskt samfélag. Eru það stjórnvöld, þeir, staðsetning eða almenningur sem hafa ekki viljann til samlögunar?

1. Hugtök og rannsóknir

Fyrsta grein mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir: „Allir eru fæddir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan (Sameinuðu Þjóðirnar 2013).“ 15. grein segir einnig „Allir hafa rétt til ríkisfangs. Engan má að geðþótta svipta ríkisfangi eða rétti til þess að skipta um ríkisfang. (Sameinuðu Þjóðirnar 2013).“ Með þessa vitneskju um mannréttinda-sáttmálann á bak við eyrað er hægt að spyrja sig margra spurninga um það sem betur mætti fara. Er fjölmening af hinu góða? Hvernig stendur á því að fordómar gegn innflytjendum viðgangist enn á 21. öldinni þar sem heimurinn fer ört minnkandi með hnattvæðingu og auknum samgöngum milli heimshluta? Mun það ætíð verða þyrnum stráð braut að láta innflytjendur og innfædda lynda og koma fram við hvorn annan eins og jafningja? Hvað veldur því að innflytjendum er oft safnað saman á einn stað en dreifast ekki inn í samfélagið? Er samlögunarferli innflytjenda inn í hið nýja samfélag ekki raunhæft? Í þessum kafla verður farið í þau hugtök og þætti sem varpa ljósi á spurningarnar og aðstoða lesenda við lestur ritgerðarinnar.

Margar ástæður liggja á bak við það að fólk flytjist frá sínu föðurlandi. Fólksflutningar (e. migration) geta verið bæði innanlands sem og á milli landa. Það er eiginlega ómögulegt að leggja fram fasta kenningu um ástæður fólksflutninga. Þá er enn fremur erfitt að segja til um hvaða verður til þess að einn aðili ákveður að flytja en annar varð eftir (Portes 1997, 810). Þeir þættir sem halda fólki í landinu, hvetja það til að flytja og draga að öðru landi kallast toga og ýta þættir (e. push and pull factors). Þessir þættir eru ýmist efnahagslegir, pólitískir eða félagslegir. Sá drifkraftur sem ýtir fólk frá sínu heimalandi er oftast nær skortur á atvinnutækifærum og vitneskja um betri í öðru samfélagi eða landi. Félagslegar eða menningarlegar ástæður geta einnig orðið til þess að fólk flýr sitt föðurland. Ýmsir þættir eins ójafnvægi í stjórnkerfi, fátækt og á árum áður var þrælasala stunduð út um allan heim dreifir fólki um heiminn. Styrjaldir og óeirðir hafa einnig mikil áhrif á fólksflutninga. Hætta, ofsóknir, hungursneyð og heimilisleysi eru ástæður sem fá fólk til að flýja á brott frá sínu landi og inn í önnur ríki sem flóttamenn. Margier eru þættirnir sem toga í fólk í öðrum löndum. Grasið er gjarnan talsvert grænna hinum megin. Stjórnarfarlegur stöðugleiki,

vitneskja um frelsi og lýðræðislega stjórn, hvatning til menntunar og framsækni í eigin lífi. Umhverfisþættir hafa einnig mikið um það að segja hvort að fólk flytjist búferlum. Þurrkar, óveður, jarðskjálftar, flóð ýta fólki úr sínu landi. Það sem *togar* svo er aðlaðandi náttúra, gott loftslag og veðráttta og/eða löngunin að búa við fjöll eða sjó. Margir eldri innflytjendur flytja af þessum ástæðum á milli landa til að njóta lífsins á ævikövdinu (Lewis Historical Society 2012).

Nánast alla tíð hafa innflytjendur reynst vera *terra incognita* eða hið óþekkt á sviði félagsfræðinnar. Það var ekki fyrr en upp úr 1970 sem félagsfræðingar fóru að kynna sér málefni og aðstæður innflytjenda. Það er franskir hægrivængjar stjórnmálaflokkurinn Front National sem nýtti sér tækifæri þegar spurningar fóru að vakna um *þjóðlegan einleika* (e. national identity). Hvað sé að vera franskur ríkisborgari? Á þessum tíma vaknaði mikill áhugi á því að rannsaka aðkomu innflytjenda og hvernig þeir aðlöguðust samfélaginu. (Simon 1998, 41).

Þjóðlegur einleiki (e. national identity) er hugtak sem þjóðir notast við þegar stjórnvöld þurfa að skilgreina þegna sína. En hvað er þjóðlegur einleiki? Ein skilgreining segir að viðkomandi þurfi að vera fæddur á ákveðnu landsvæði þar sem foreldrar eða amma og/eða afi viðkomandi eru fædd (Noiriel 1988, 297). Þetta er skilgreining sem á sér engan stað nútímanum. Hugtakið þjóð er orðin fjölbreytt fyrirbæri og erfitt er að leggja hald á hvað það er sem færir manni einleikann. Með miklum fjölda innflytjenda verður þjóðlegur einleiki enn flóknari því að taka verður tillit til allra íbúa sem færa landinu annan menningararf og sögu. Þægilegra getur þótt að ræða afkomendur innflytjenda sem sér hugtak og skilgreina þannig. Það er í nokkrum liðum sem afkomendur innflytjenda hafa áhrif á samfélagið sem þeir eru búsettir í og öfugt. Þessir afkomendur innflytjenda lenda á vissan hátt á milli tveggja þjóða /samfélaga og eiga samleið með hvorugu. Rætur þeirra liggja hvorki í föðurlandinu né í hinu nýja samfélagi. Þessir einstaklingar geta því hvorki samlagast forfeðrum sínum né íbúum hins nýja samfélags. (Betts 1998, 815)

Fjölmening (e. multiculturalism) er hugtak sem er mikið notað í stjórnmálafræði og er skilgreiningin á hugtakinu sú að fjölmening er fyrirbæri þar sem ólík menning þrífst án fordóma innbyrðis. Nota má fjölmeningu sem lýsandi merkingu (e. descriptive) og fyrirskipandi merkingu (e. prescriptive). Fjölmening er hugtak sem notað er til að skilgreina samfélög sem hvetja til þess að blanda mismunandi þjóðernum inn í samfélag sitt og nýta margbreytileikann sem verður til. Samkvæmt þessari kenningu er betra að búa í samfélagi

sem er fjölbreytt og lifandi en í einsleitu samfélagi með fastar og fyrirfram ákveðnar gamlar hefðir. Menningarleg blöndun er nánast bara af hinu góða. Umburðarlyndi, fjölhyggja og verndun minnihlutahópa frá fjöldanum einkennir fjölmennningarleg samfélög. Einstaklingurinn skilgreinir sig á sterkari hátt og er sjálfmyndin almennt öðruvísi í fjölmennningarlegu samfélagi en ef samfélagið væri einhæft. Önnur merking á fjölmenningu er að sumir stjórnmálaflokkar og hreyfingar sem eru frjálsslyndar í hugsun vilja allt gera til að sigrast á mismunun og sundurleitni í fjölmennningarlegum samfélögum. Þetta eru gjarnan flokkar sem flokka sig vinstra megin á vinstri-hægri ás stjórnmálanna. Flokkar sem staðsetja sig til hægri eru minna hlyntir fjölmenningu og beita sér oft á tíðum gegn því að innflytjendur flytjist inn á þeirra landsvæði. Ber í þessu samhengi að nefna franska öfga hægri flokkinn *Front National*. Fjölmennning er hins vegar ekki bara fjölmennning út frá þessum einföldu skilgreiningum. Hana má einnig horfa á út frá ýmsum kenningarlegum sjónarhornum (Bloor 2010, 270).

Þrátt fyrir að á öldum hnattvæðingar séu fjölmennningarleg samfélög að verða eðlilegri partur af lífi fólks heyrast ætíð raddir gegn blöndun af þessu tagi. Kynþáttahyggja (e. racialism) er því oft ríkjandi og þykir stundum innfæddum þeir einir eiga tilkall til sinnar fósturjarðar/ættjarðar. Þetta vandamál er ekki nýtt af nálinni því í gegnum mannkynssöguna hefur fólk verið flokkað í mismunandi kynþáttastofna (Mallon 2010, 277). Þekkt er að fólk verði fyrir fordómum vegna húðlitar, tungumáls, trúarbragða og uppruna. Ungt fólk sem verður fyrir kynþáttafordómum í samfélagi sem það hefur flust inn í aðlagast síður að því samfélagi og einangrar sig frekar með sínum líkum (Berry og Sabatier 2010, 194). Fólk og ríki sem er örugg með sinn einleika (e. identity) á auðvelt með að samþiggja ólíka einstaklinga en ef ríki ekki öruggt með einleika sinn smitast þetta óryggi til þegnanna og þeir sem eru í minnihluta eða af öðrum uppruna geta fundið fyrir fordómum innan samfélagsins (Berry og Sabatier 2010, 205).

Uppbygging gettóhverfa (e. Ghettoization) hefur verið vandamál í mörgum þéttbýlum í gegnum tíðina. Upprunalega var orðið gettó notað um gyðingasamfélög í evrópskum borgu þar sem Gyðingar hópuðu sig saman í ákveðin hverfi. Í dag þegar talað er um gettó þá er yfirleitt verið að ræða um hverfi þar sem fátækt, léleg húsnæði og há glæpatíðni koma saman. Einnig er algengt að margir minnihlutahópar eiga heimili í þessum hverfum. Við uppbyggingu stórborga er aðskilnaður innflytjenda og efnahagslega verr staddra einstaklinga og innfæddra efnahagslegar sterkra ekki stefna sem að stjórnvöld beita sér eftir heldur þvert

á móti. Gettóin myndast við röð atburða. (Wiles 1993, 52). Eitt leiddi þó af öðru og hverfi höfðu myndast utan um þessa hópa fólks sem var verr statt í samfélaginu þar sem að þeir höfðu hópað sér saman í oft á tíðum ófullnægjandi íbúðakostum.

Rannsóknir hafa verið tíðar á málefnum innflytjenda í Frakklandi. Þar þykir staðsetning og tækifærisskortur þeirra í *les banlieues* sem eru úthverfi stórborga í Frakklandi einstaklega áhugaverður. Margt er farið að benda til þess að aðskilnaður afkomenda innflytjenda og innfæddra Frakka sé farinn að myndast (Telegraph 2012). Franskur einleiki hefur verið mikið í umræðunni og margar spurningar eru um hvað merki að vera franskur ríkisborgari. Það væri eðlilegt að þriðja kynslóð innflytjenda, allt einstaklingar sem fæddir eru og uppaldir í Frakklandi ættu að vera farnir að blandist í franskt samfélag. En sú er ekki raunin í þessu tilviki og eru það helst Norður-Afrískir afkomendur innflytjenda sem standa fyrir utan. Rannsóknir úr tölfræðistofnun Frakklands (INSEE) sýna ætíð mynstur aðskilnaðar atvinnuleysis og menntaskorts í úthverfunum. Franska ríkið er „litblint“ í sínum stefnumótunar aðgerðum. Því mega ekki rannsóknir fara af stað þar sem að sérstaklega er rannsökuð afdrif ákveðins litahóp eða kynþáttar. Því eru rannsóknir gerðar staðbundið en ekki hópabundið. Ekki má fara á vinnustaði þar sem að rannsökuð eru kjör innfæddra á móti svörtum Norður-Afríkubúum (Bleich 2001 , 270-272). Efnið hefur verið mikið rannsakað og eru aðstæður íbúa í *les Banlieues* vinsælt efni til rannsókna. Þar má sérstaklega finna þá minnihlutahópa sem ekki er hægt að rannsaka á eðlilegum forsendum.

2. Innflytjendasaga Frakklands

Frakkland er land í vestur Evrópu sem á sér mikla og langa sögu menningar og stórveldis. Búferlaflutningar í og til Frakklands hafa ætíð verið miklir og hafa þeir mótað sögu þess með sterkum hætti. Frakkar hafa mikið flust á milli héraða en einnig hefur stríður straumur innflytjenda flust inn í landið (Gérard Noiriel 1988, 297). Saga innflytjenda er því löng og nær allt frá því að Gaulverjar ruddust inn í landið og settust þar að fyrir kristsurð Ancient 2011). Eitt af því sem mótar Frakkland og stöðu eins og við þekkjum það í dag er mikil aukning innflytjendum á þriðja¹ og fjórða² lýðveldi þess. Þessi mikli fjöldi innflytjenda hefur haft mikil áhrif á franska samfélagið og eru menn ekki á eitt sáttir með gang mála.

Aukin fjölmennung ætti að gera land auðugra af menningu og auka umburðarlyndi almennings. Innflytjendur sem fluttust til Frakklands eftir seinni heimstyrjöldina og afkomendur þeirra hafa verið áberandi hópur í frönsku samfélagi. Eftir heimstyrjöldina fluttist fólk að alls staðar af úr heiminum til Frakklands. Helstu þjóðerni einstaklinganna sem komu inn í landið voru frá norður Afríku. Einnig komu margir frá Portúgal, Ítalíu og Tyrkland (Engler 2007). Af þeirra rötum hafa sprottið upp, allt að, þrjár kynslóðir einstaklinga sem fæddir eru og uppaldir innan franskra landamæra. Það skal því engan undra að afkomendur innflytjenda er orðinn stór hópur í Frakklandi. Fjölmargir þessara afkomenda fæðast og alast upp í úthverfum stórborganna og fá ómargir tækifæri til þess að ná langt í lífinu heldur eyða sínu lífi í einfaldleika úthverfanna. Oft á tíðum atvinnulausir.

2.1 Lok 19. aldar fram að seinni heimstyrjöld

Saga innflytjenda í Frakklandi hefst á síðari hluta 19. aldar og greinileg aukning verður eftir fyrri heimstyrjöldina. Mikinn mannskap vantaði eftir að margir höfðu fallið í stríðinu. Helstu störfín voru námugróftur, landbúnaður og iðnaður sem erlendu verkamennirnir störfuðu við (Simon 1998, 44-45). Frakkland gerði svo sérstakan samning við Ítalíu, Belgíu, Pólland og Tékkland um ráðningu verkamanna til sín. Við upphaf 19. aldar voru 2,7 milljónir innflytjenda

¹ Þriðja lýðveldi Frakklands. Frá 1870-1940 og lýkur þegar að seinna heimsveldi Frakklands hafði hrunið. Félagslegt jafnvægi einkenndi þetta lýðveldi (Britannica 2013)

² Fjórða lýðveldi Frakklands. Frá 1944-1958. Svipar mjög til þriðja lýðveldis Frakklands (Britannica 2013)

og var því næst hæsta hlutfall innflytjenda í Frakklandi í heiminum eða um 6,6% af þjóðinni. Einungis Bandaríkin tóku á móti fleiri innflytjendum en Frakkland á þessum tíma. (Engler 2007).

Mörg lítil samfélög hófu að myndast þar sem að hvert þjóðerni hópaði sig saman. Mátti þá finna mörg lítil og flókin samfélög sem voru í anda heimaslóða hvers þjóðernis. Jafnvel hafði verið sett upp sérstök námskerfi, verslunarkjarnar og það var einnig þekkt að hafa leiðtoga sem að stýrði samfélaginu (Simon 1998, 45).

2.2. Hópinflutningur eftir seinni heimsstyrjöldina

Eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk var Frakkland í lamasessi. Landið hafði rétt náð að rétta sig af eftir fyrri heimstyrjöldina og dundi þá síðari heimstyrjöldin með allri sinni eyðileggingu þar sem að Frakkland var einn af vígvöllum. Margar af borgum Frakklands voru lagðar í rúst. Því hófust Frakkar enn á ný að koma hjólum samfélagsins í gang. Mikla uppbyggingu þurfti til að koma lífinu í fastar skorður og byggja upp land og þjóð sem voru í miklum sárum. Frakkland hafði misst marga unga menn í stríðinu en talið er að manntjónið hafi verið í kringum ein milljón. Heilu borgirnar voru gjöreyðilagðar sem og stór hluti af vegakerfi landsins kolanámur og hafnir höfðu einnig orðið fyrir eyðileggingu. Frakkland var þar af leiðandi í algjöru lamasessi. Það var því lítið annað í boði en að fá hjálparhönd til að reisa sig við og komast aftur á skrið. Aðstoðina fékk Frakkland frá öðrum löndum þar sem verkamenn fluttust inn í landið til ljá hjálparhönd og hefja uppbyggingu (OFII 2013).

Ný stofnun leit dagsins ljós 2. nóvember 1945 af Charles de Gaulle „Office National de l'immigration (ONI),“ *innflytjendastofnunin* og fékk hún einkarétt á að ráða inn erlent vinnuafl fyrir franska ríkið og sá um að koma verkamönnum og fjölskyldum þeirra fyrir í Frakklandi (OFII 2013). Í upphafi komu flestir innflytjendur frá Ítalíu, Spáni, Portúgal, Júgóslavíu og Tyrklandi. Upphaflega voru þetta karlmenn sem komu en í mörgum tilvikum fylgdu fjölskyldur þeirra stuttu síðar. Á sama tíma fóru innflytjendur frá fyrrum nýlendum Frakklands að streyma inn þar sem að frelsisstríð geisuðu í nýlendunum hinum megin við hafið. Nýlendurnar börðust fyrir fullveldi frá Frakklandi en þannig var tíðarandinn á þessum tíma að flestar nýlendur annarra þjóða voru að losa sig undan oki drottinara sinna. Gífurlegur fjöldi fólks neyddist einnig til að flytjast til Frakklands frá Alsír sem voru á þeim tíma franskir að uppruna (Engler 2007).

2.3. Les Trentes Glorieuses

Á árunum 1945-1973 var mikill uppgangur og uppbygging í Frakklandi eða allt þar til olíukrísan dundi yfir Evrópu árið 1973. Þessi ár eru oft kölluð „*les trentes glorieuse*“ sem á íslenskri tungu væri þýtt „*hin dýrðlegu þrjátíu ár.*“ Tímabilið dregur nafn sitt af bókatitli Jean Fourastié *Les Trente Glorieuses ou la révolution invisible de 1946 à 1975*. Þar skrifar hann um og útskýrir efnahagslega útpenslu og velsæld Frakklands á þessum árum (Economie 2011).

Uppgangurinn og velsældin í Frakklandi varð mikið aðdráttarafl fyrir erlenda verkamenn. Streymdu þeir að og freistuðu gæfunnar þar sem að þeir mættu á svæðið samninga- og pappírslausir. Þjuggu þeir sér til hreysi og mynduðu hverfi víðsvegar umhverfis stórborgirnar. Þar biðu þeir eftir því að lukkan yrði þeim hliðholl.

Frakkland varð á þessum tíma að einu ríkasta efnahagskerfi Evrópu með miðstýrðu hagkerfi (e. dirigisme) sem kom Frakklandi á gott skrið. Bandaríkin voru Frakklandi mikil fyrirmynd við miðstýringuna. Frakkland aðhylltist iðnaðar- íhlutunarstefnu í utanríkis-málum (e. interventionism) og stækkuðu því ört í alþjóðasamfélaginu. Þeir urðu valdamiklir og tókst Frakklandi nánast að einoka gasmarkaðinn, rafmagnsmarkaðinn og fjarskipti árið 1970 (Knapp 2006, 18-20).

Innflytjendur komu á þessum tíma inn í landið og gengu þeir vanalega í þau láglounastörf sem Frakkar vildu ekki, þar sem að á þessum tíma hafði mikið „hvítflibbastörfum“ skapast sem innfæddir kusu frekar. Í upphafi voru þetta aðallega verkamenn sem áttu að snúa heim þegar þeirra var ekki lengur þörf. Þeir ákváðu þó oft á tíðum að senda eftir fjölskyldum sínum og setjast að. Eftir að tekið hafði verið fyrir innflutning á verkamönnum eftir olíukrísuna árið 1973 fengu fjölskyldur þessara verkamanna þó að flytjast inn og enn jókst fólksfjöldinn og húsnæðisvandinn (Knapp 2006, 26).

2.4 Nafnlausu stríðið

Alsír hafði í langan tíma tilheyrt Frakklandi og var stýrt og hafði sömu réttindi gagnvart Frakklandi líkt og eitt af sýslum þess. Frakkland hafði í nýlendukapphaupinu unnið mikinn sigur í Alsír árið 1830. Það kom Alsírþúum í mjög opna skjöldu þegar Frakkar réðust inn í land þeirra á þeim því að það tíðkaðist ekki að ráðist væri á múslímaríki. Þannig brutu Frakkar mjög á trúarlegum gildum þeirra (Cascoigne 2001)

Þar sem að Alsír tilheyrði Frakklandi og var hluti af landinu þá var algengt að Frakkar fluttust þangað ásamt öðrum Evrópubúum. Þar var milt og hlýtt í veðri. Gróðursæld og

almennt talinn vel ákjósanlegur staður til að búa á. Mikið af störfum í boði við landbúnað. Árið 1880 voru Evrópubúar í Alsír um 350.000 og 50 árum síðar hafði þeim fjölgað um helming. Mikil fólksfjölgun varð einnig á meðal múslima sem bjuggu þar. Þeim fjölgaði úr þremur milljónum í níu milljónir á 100 árum.

Samlögun kristinna Evrópumannanna og múslima gekk vel fyrir sig þar sem að Alsír var stýrt sem væri það eitt af héraðum Frakklands. Þáverandi forseti þingsins í Alsír lýsir því yfir á einu þinginu að Alsír væri franskt land og að þeir væru franskir múslímar sem byggju þar. Alsírskir þjóðernissinnar áttu erfitt með að melta þessi orð og sem féllu ekki í góðan jarðveg hjá þeim og umrót fór að gera vart við sig. Þar sem að Alsír var skilgreint sem eitt af héraðum Frakklands gátu þjóðernissinnarnir engan veginn sætt sig við að Alsír ætti ekkert tilkall til sjálfstæðis líkt og hinar frönsku nýlendurnar sem öðluðust sjálfstæði ein af annarri (Hussey 2013).

Eftir seinni heimstyrjöldina áttu óvæntir atburðir sér stað. Mikið rask varð í stjórnslu Alsír og óeirðir brutust út (Hussey 2013) sem áttu eftir að setja sterkan svip á straum innflytjenda til Frakklands. Þar var barist innanlands fyrir og gegn sjálfstæði frá Frakklandi. Tveir hryðjuverkaflokkar börðust gegn hvor öðrum ásamt því að Frakkland fór að blanda sér í deilurnar með sinn her (FNL). Árið 1962 sigraði Alsír. Land og þjóð voru þó í lamasessi eftir baráttuna (Hussey 2013). Eftir þetta áhrifamikla stríð flúði tæplega milljón manna frá Alsír til Frakklands. Allt var þetta var fólk sem átti forfeður úr Evrópulöndum, Frakklandi, Ítalíu, Möltu, Spáni og voru þar af leiðandi ekki velkomin lengur í þjóðernislegt múslimasamfélag Alsír. Gegnum borgina Marseille í Suður Frakklandi streymdu flestir og settust strax 100.000 manns að þar. Loftslag og landslag kringum Marseille líktist mikið heimkynnum þeirra í Norður-Afríku. Restin af Alsírþúum dreifðust síðar um allt land en þó voru margir sem settust að á Parísar-svæðinu (Hussey 2013).

Pied-Noirs eða *svartfætlingarnir* voru Alsírþúarnir kallaðir en margar sögur fara um heiti þetta. Ein er sú að fólkið sem kom frá Alsír hafi ávallt klæðst svörtum ódýrum skóm. Önnur er sú að múslímar klæddust aldrei skóm nema þeir sem voru af frönskum uppruna. Þegar talað er um *pied-noirs* er það vanalega notað sem níðyrði fyrir þennan áberandi hóp í Frakklandi (Betts 1998, 81). *Harkis* (sem kemur af orðinu *harki* úr arabísku og þýðir að vera á hreyfingu) voru þeir múslímar kallaðir sem bjuggu í Alsír og börðust fyrir Frakkland eða stóðu með Frakklandi í stríðinu um sjálfstæði. Eftir að Frakkland tapaði stríðinu fluttust þeir ásamt

pied-noirs til Frakklands og voru *harkis* í heildina um 85.000 manns og *pied-noirs* um 900.000 manns. (Betts 1998, 81).

Ástandið í Alsír er enn þann dag í dag virkilega slæmt. Margir Alsírþúar líta enn á Frakkland sem fyrirheitna landið og láta sig dreyma um betra líf hinum megin við hafið og telja ástandið betra í Frakklandi. Þeir Alsírmenn sem búsettir eru í Frakklandi búa við öfund og heift Alsírmanna gegn þeim. Öfund yfir að þeir hafi hafi hrept tækifærið og komist til Frakklands. Alsírþúar eiga því mjög erfitt hvort sem þeir eru búsettir í Frakklandi eða Alsír (Hussey 2013).

Í Frakklandi er ástandið ekki mikið betra. Alsírþúar og afkomendur þeirra hafa búið við fordóma og erfitt er fyrir þá að samlagast frönsku samfélagi. Frönsk yfirvöld voru á sínum tíma engan veginn í stakk búin fyrir þann gríðarlega fólksfjölda sem fluttist til landsins á árunum 1954-1962 vegna stríðanna í Alsír. Tæplega milljón innflytjenda flutti inn á tæplega tíu árum. Frakkland tók á móti öllum en stjórnvöld bjuggust við því að fólkið færi aftur til Alsír þegar friður og ró kæmist á landið (Algeria 2013).

Mörgum afkomendum Alsírþúa finnst Frakkar hafa farið illa með sig. *Pied-noirs* og aðrir Alsírþúar eru minnihlutahópur sem hafa fengið blóraböggulsstimpilinn á sig. Frakkar eiga það til að kenna þeim um allar þær óeirðir og vandamál sem spruttu upp í Frakklandi og hafa þeir ekki alltaf farið vel með Alsírþúa. Afkomendur Alsírþúa eru á vissan hátt móðgaðir út í Frakka fyrir slæma meðferð gegn sér. *Harkis* börðust fyrir Frakkland á sínum tíma og fyrir það finnst þeim þeir ekki hafa fengið neitt þakklæti. *Pied-noirs* og *Harkis* minnihlutahóparnir hafa átt mjög erfitt með að fóta sig í frönsku samfélagi og upplifa mikið róleysi og finnst þeir hvorki tilheyra Frakklandi né Alsír (Algeria 2013). Stríðin í Alsír eru sögð vera einn svartasti punktur í sögu Frakklands. Frakkar skammast sín fyrir að hafa látið þau koma fyrir og Alsírþúar eiga erfitt með að fyrirgefa frökkum stríðið og meðferð á þeim í nútímanum.

Eins og sjá má af sögu Frakklands hefur stríður straumur innflytjenda einkennt og mótað land og þjóð. Það sem gerist þó eftir heimstyrjaldirnar sem byrjar sem jákvæður innflutningur fólks og snýst síðar í andhverfu sína þar sem að innflutningurinn verður neikvæður. Landið hafði hreinlega ekki undan að taka á móti öllu þessu fólki þó að það hafi reynt eftir bestu getu.

3. *Les Banlieuse* - Hvað gerist þar?

Þessi kafli mun skýra þróun úthverfa stórborganna eða *les banlieues* eins og þau eru kölluð í Frakklandi. Rædd verður þróun þeirra og uppbygging frá seinni heimstyrjöldinni til dagsins í dag. Kaflinn mun þjóna þeim tilgangi að setja í samhengi hver ástæðan sé fyrir því að sumir innflytjendur enduðu í einangrun úthverfanna á meðan öðrum tókst að aðlagast inn í franska samfélagið og verða efnahagslega sterkari. Skipulagsmál úthverfanna og einangrun ákveðinna innflytjendahópa eru talsvert áhyggjuefni stjórnvalda. Erfiðlega gengur að finna lausnir til að berjast gegn þeirri þróun sem orðin er og farin að grafa sig inn í sjálfsmynd

Orðið *Banlieue* er mikið notað í frönskum fjölmiðlum sem og fjölmiðlum fyrir utan frönsk landamæri en það er notað á frekar neikvæðan hátt. Þegar fólk heyrir talað um *banlieu* vekur það upp ugg í þeirra hjörtum. Orðið vísar til umfjöllunar fjölmiðla sem mála frekar neikvæða mynd af úthverfunum þar sem að eynd ríkir, miklar óeirðir og hættulegt að vera þarna. Íbúar *banlieu* búa ekki yfir mikilli menntun, hafa enga atvinnu, fátækt, eiturlyf og glæpir. Allt þetta sveimar um hug fólks við það að heyra talað um *les banlieues*. Þessi hverfi eru því ekki sérstaklega vinsæl á fasteignamarkaðnum og vilja fáir flytjast þangað að eða til dæmis að ráð fólk í vinnu sem kemur þaðan (Body-Gendrot 2009, 664-665). Hvað er það sem að fær fólk til að sjá svo neikvæða mynd *les banlieus* og er eitthvað til í þessum þankagangi almennings?

Eins fram hefur komið varð mikil uppbygging í Frakklandi eftir að margar borgir og bæir þess voru lagðar í rúst í seinni heimstyrjöldina. Mannfall varð ekki jafn mikið og í fyrri heimstyrjöldinni en eyðileggingin mun meiri. Í heildina var rúmlega ein milljón bygginga algjörlega lögð í rúst og um milljón íbúa gerðust heimilislausir. Þann 13. nóvember 1944 hófst uppbygging þar sem að General de Gaulle skipar Raoul Dautry að stýra uppbyggingar- og borgarskipulagsráðuneytinu. Miklar og stórar áætlanir voru gerðar til að byggja upp nýtt Frakkland. Kostnaðaráætlun var gerð upp á 20 billjón bandaríkjadollara sem nota átti í uppbyggingu á 20 árum með hjálp Marshall aðstoðarinnar.

Lítið var hægt að aðhafast í húsnæðismálum fyrstu þrjú árin enda Frakkland gjörsamlega lamað. Á þessum tíma var einungis var lögð áhersla á forgangsverkefni eins og að koma samgöngukerfinu í lag bæði innan lands og út úr landi. Rústir borganna sem þurfti

að útrýma varð að bíða þar til að jarðýtur gátu komist að þeim. Því biðu mörg hundruð þúsund manns heimilislaut í þó nokkurn tíma þar til Frakkland tókst að rétta úr sér (Kyte 1946, 417-419). Það sem gerðist þá var að með auknum fólksfjölda sem streymdi inn í landið og miklum fjölda heimilislausra fóru að myndast fátækrahverfi. Svo kölluð hreysahverfi mynduðust í útjaðri borga. Þessi hreysahverfi voru kölluð *bidonvilles* á franskri tungu. Mikill fjöldi *bidonvilles* varð til í París, Grenoble og Marseilles. Hreysin voru lítið annað en þak yfir höfuð heimilislausra og hreinlæti mjög ábótavant. En til bráðabirgða virkuðu þau því ekkert annað var í boði á þessum tíma (Simon 1998, 45).

3.1. Húsnæðislausnir

Adoma er stofnun sem upphaflega var kölluð SONACOTRA eða Société Nationale de Construction de Logements pour les Travailleurs. Franska íbúðabyggingarsamfélagið fyrir erlenda verkamenn. Hún var stofnuð árið 1956 og hafði umsjón með að koma upp vistaverum fyrir erlenda verkamenn. Upprunalega voru norður Afríkubúar í forgangi og þá sérstaklega Alsírúbúar sem flyktust þá til Frakklands í stríðum straumum vegna stríðanna sem geisuðu í þeirra heimalandi. *Bidonvilles* var þá þegar orðið mikið vandamál í frönskum stórborgum og með hraðri aukningu á fólksfjölda vegna Alsírúbúanna þá var verkefni Adoma hrundið af stað. *Bidonvilles* voru þurrkuð út hvert á fætur öðru (Simon 1998, 45). Stórar og miklar steinsteypublokkir voru byggðar upp á skömmum tíma. Fagurfræðin var ekki ofarlega í hug framkvæmdaaðila og ekki var vandað til verksins. Upphaflega voru byggingarnar fyrir verkamenn frá norður Afríku en með tíð og tíma settust flóttamenn, heimilisláusir (f. SDF sans domicile fixé) og innflytjendur öðrum Afríkusvæðum (e. subsaharan Africa) að í þessum húsum. Það leið ekki á löngu eða strax upp úr 1970 þar til íbúðirnar sem byggðar voru á svo skömmum tíma voru komnar í niðurníðslu. Lítið hefur verið unnið við viðhald á þessum húsum síðustu ár og hafa aðstæður því einungis versnað (Capital 2011).

Árið 1975 var hluti af skatttekjum Frakklands settur í sjóð til uppbyggingar á húsnæði fyrir innflytjendur. Af einhverjum ástæðum voru þessir sjóðir ekki nýttir að fullu í húsnæðismál og húsnæðismál innflytjenda skánuðu því ekki með árunum.

Stór hluti innflytjenda sem fluttist inn á sjöunda áratugnum bjó í óviðundandi húsnæði. Þar voru yfir 35% innflytjendur frá norður Afríku sem bjuggu við virkilega lélegar og ófullnægjandi aðstæður. Ýmist í litlum herbergjum, lélegu leiguhúsnæði eða hreysum. 55% erlendra verkamanna sem komu einir og án fjölskyldu bjuggu við enn verri aðstæður. (Simon

1998, 46). Árið 1970 var enn verið að berjast við hreysishverfamyndun. Aðgerð var hrundið af stað þar sem fjölskyldum sem bjuggu í hreysunum voru úthlutað millibilshúsnæði (f. cités des transit) oft á tíðum litlar og lélegar íbúðir eða eitt herbergi. Fjölskyldurnar áttu einungis að dvelja við í stutta stund á meðan að á aðlögunarferli inn í franskt samfélag stóð. Þetta átti einungis að vera stökkpallur inn á markað félagsíbúða. Sú varð þó raunin að fólk bjó þarna til lengri tíma (Simon 1998, 46).

3.2. Húsnæðispíramídið

Píramídi í húsnæðismálum fór að myndast eftir að velsæld Frakklands hóf að aukast eftir stríðsárin. Miklum fjölda innflytjenda tókst að hasla sér völl á atvinnumarkaðinum og færðust upp húsnæðispíramídan og gátu flust í betra húsnæði. Þetta voru sérstaklega innflytjendur sem komið höfðu úr eitthvað af Evrópuríkjunum í kring. Þeir sem áður höfðu búið í hefðbundnu húsnæði tókst að færa sig ofar í píramídanum og eignast betra húsnæði á eftirsóknarverðari stöðum. Upp þennan píramíða gátu margir stigið þegar verðbólgan skall á. Þegar hún ríkti hafði millistéttin góða möguleika á að kaupa sér eigið húsnæði og losnaði því út af leigumarkaðinum eða félagsíbúðum og fluttust úr úthverfum og á vinsælli staði. Það var aftur á móti ekki á færi innflytjenda sem höfðu að meðaltali minna á milli handanna að kaupa sér húsnæði. Atvinnuleysi Norður-Afríkubúa spilaði þar stórt inn í. Þeir sátu þá eftir í félagsíbúðunum og á meðan innfæddir fluttust úr þeim. Þannig breikkaði bilið milli innflytjenda og innfæddra.

Þróunin hefur ekki verið á réttri leið varðandi samlögun innflytjenda og innfæddra. Með því að innfæddir breyttu stefnu sinni á húsnæðismarkaðnum og fluttust á kjarnabyrping innflytjenda í útjöðrum borganna. Þjónustan í *les banlieus* fór að verða af skornari sammti og lítið var þar annað en íbúðarhúsnæði að finna.

Franskar borgir eru líkar öðrum evrópskum borgum að því leyti að samfélagslegi píramídið skiptir íbúum í mismunandi húsnæði. Það er því í raun og veru fjárhagsleg staða íbúanna sem ræður því hvar þeir búa og nálægt hverjum. Einnig er áberandi mynstur fordóma í garð norður Afríkubúa og múslima sem ýtir þeim hópu úr samfélaginu. Innflytjendur er fjölmennur hópur innan láglaukastéttarinnar. Margir eru ófaglærðir og vinna láglaunastörf í verksmiðjum, við þrif og ýmis þjónustustörf (Simon 1998, 47).

3.3. Misheppnað verkefni?

Það sem upphaflega var hugsað sem húsnæðisaðstoð við innflytjendur hefur snúist uppí andhverfu sína. Fljótþærni stjórnvalda og alvarlegur húsnæðisskortur varð til þess að ekki var hugsað til enda skipulagsmála og verður virkilega erfitt að snúa sér út úr þessum vanda nú í dag. Það sem á sínum tíma leysti vandamálin sem voru uppi þá eins og íbúðarskortur og ör fólksfjölgun er orðinn vandi sem erfitt er að eiga við í dag. Innflytjendur sem settust að í bráðabirgðahúsnæðinu í miklu návígi við samlanda sína hafa myndað sitt eigið samfélag með sífellt minni möguleikum á að blandast í samfélaginu utan hverfisins. Langvarandi atvinnuleysi, menntunarskortur, óeirðir og ofsóknir lögreglumanna hafa vakið upp óhug yfir því að frönsk samlögunarverkefni innflytjenda og innfæddra virka ekki (Epstein 2012, 1-2).

Við byggingu félagsíbúða í úthverfum voru áformin ekki að skilja að innflytjendur og þá sem fæddir voru í Frakklandi. Hugmyndin var að bjóða upp á látlaus húsnæði og sem átti að vera stökkpallur fyrir innflytjendur inn í samfélagið. Hin mikla sprenging á mannfjölda, efnahagi og uppbyggingu á árunum 1950-1960 hjálpaði til við samfélags-legal breytingar og efnahagur Frakklands sem var á blússandi uppleið einfaldaði og jók hraða uppbyggingar. Frakkar og innflytjendur bjuggu til að byrja með í sömu hverfum þar sem að eftir seinni heimstyrjöldina áttu margir í húsnæðisvanda hvort sem þeir væru innfæddir eða af erlendu bergi brotnir. Fólk var almennt mjög sátt með að fá þak yfir höfuðið. Allt var í blóma og virtist ganga eins og það átti að gera. Hverfin voru upphaflega byggð með það í huga að svokölluð gettó tækju ekki að myndast (e. ghettoization) og Frakkland taldi sig vera að gera allt rétt eftir bókinni hvað varðar samlögun innflytjenda í franskt samfélag. Frakkland átti að verða fjölmenningsleg og samheldið samfélag, fyrirmynd annarra ríkja (Epstein 2012, 9).

Á uppgangarárunum eftir stríð á *Les trentes glorieuses* spruttu upp mikið af verslunarmiðstöðvum, stórum iðnfyrirtækjum og verksmiðjum og sköpuðust mörg atvinnutækifæri í kjölfarið. Enn á ný þurfti að leita út fyrir landsteinana að vinnuafli. Verksmiðjurnar voru oft staðsettar í úthverfum stórborganna og mikið af fólki starfaði þar og kaus að búa í grennd við verksmiðjurnar. Eftir olíukreppuna 1973 urðu mörg af þessum fyrirtækjum gjaldþrota og þurfti því að segja upp starfsfólkinu. Margir enduðu því atvinnulausir og framboð á vinnu var af skornum skammti. Enn jókst innflytjendafjöldi Frakklands eftir 1970 þegar frönsk stjórnvöld settu fótinn fyrir dyrnar og bönnuðu innflytjendum að koma til landsins. Sú undantekning var þó á lögnum að fjölskyldur áður innfluttra gátu komið til landsins. Þeir innflytjendur sem bjuggu þá þegar í Frakklandi sendu

margir hverjir eftir fjölskyldum sínum. Húsnæðismál og atvinnumarkaðurinn versnandi til muna eftir þessa fjölgun (Epstein 2012, 9-11).

Það er greinilegt að viljinn var fyrir hendi en stjórnvöld virtust ekki ráða við aukinn straum innflytjenda. Þrátt fyrir að á uppgangsrárunum hafi allt virst vera á réttri leið sáu stjórnvöld ekki olúkreppuna fyrir allt var á góðri leið og jákvæðni og framboð á vinnu var mikið. Í kjölfar hennar má segja upp úr glasinu hafi flætt og stefna stjórnvalda að koma í veg fyrir aðskilnað og gettómyndun fór á annan veg.

Úthverfin ganga undir nafninu *Banlieue* og stjórnvöld hafa komið með sérstakar reglugerðir þar sem að ákveðin svæði þurfa aukið aðhald. Þessi svæði eru kölluð *ZUS zones urbaines sensibles* eða vandræða hverfin (Body-Gendrot 2009, 664-665). Lög voru samþykkt varðandi þessi svæði þann 14. nóvember 1996, lög númer 96-987 sem krefjast aðgerða og sérstakrar eftirfylgni í hverfum sem fengu þennan stimpil á sig (Legifrance 2013).

ZUS svæðin eru um 751 víðsvegar um Frakkland. Rúmlega 30 prósent íbúa þessara svæða eru undir tvítugu. Meðaltal ungmenna í öðrum hverfum er um 24 prósent. Barnmargar, stórar, fátækar fjölskyldur einkenna þessi svæði þar sem að margir búa saman í litlu húsnæði (Body-Gendrot 2009, 664-665). Erfitt líf og atvinnuleysi er því einkennandi í *ZUS* hverfunum og virðist ekki ætla að taka enda.

Í þessum kafla var gerð grein fyrir ásetningi stjórnvalda í Frakklandi að taka á móti gríðarlegum fjölda innflytjenda og reyna að koma þeim fyrir á fullnægjandi hátt þrátt fyrir húsnæðisskort sem að ríkti eftir seinni heimstyrjöldina. Upphaflega var farið út í það að blanda samfélaginu eins vel og hægt var til að innflytjendur myndu ekki aðskiljast í hópa frá innfæddum. Einnig höfðu frönsk yfirvöld haldið að margir verkamenn væru einungis tímabundið á landinu og færu til síns heima að vinnu lokinni. Sú varð ekki raunin heldur sendu þeir eftir fjölskyldum sínum þannig að enn bættist í hóp innflytjenda sem settist að í ófullnægjandi bráðabirgða húsakynnum og bjuggu þar um árabíl, án atvinnu og möguleika á auknum lífskjörum.

4. Samlöggun og sálfsmynd

Nú eru liðin ríflega 70 ár síðan seinni heimstyrjöldinni lauk og Frakkland hóf að flytja inn erlent vinnuafli af krafti sem og taka á móti flóttamönnum opnum örmum. Frjáls ferðalög á milli nýlenda Frakklands og Frakklands jók einnig á straum innflytjenda til Frakklands. Á þessum 70 árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og nýjar kynslóðir hafa litið dagsins ljós. Nýjar kynslóðir hafða fæðst og eru uppaldar á franskri grundu. Einstaklingar þessara kynslóða eru þar af leiðandi franskir ríkisborgarar. Þetta eru afkomendur innflytjendanna. Með tíð og tíma og þremur kynslóðum síðar væri við því að búast að samfélagsleg blöndun hefði átt sér stað. Margt bendir þó til þess að bilið sé frekar að breikka á milli innflytjenda og innfæddra. Umræðan er mjög oft *nous* og *eux* eða við og þau. Enn þann dag í dag má heyra innfædda Frakkar segja „við“ og tala um „þá“ þegar rætt er um innflytjendur. Deila má um þessa orðanotkun því að þær kynslóðir sem fæddar eru í Frakklandi eru lagalega og réttindalega séð hluti af frönsku samfélagi. Það er erfitt að ímynda sér hvernig megi standa á því að innfæddir Frakkar geti ekki tekið þá inn í sitt samfélag. Þetta eru einstaklingar sem þekkja ekki annað en að búa í Frakklandi. Þrátt fyrir það eru þeir ekkert sérstaklega velkomnir þar og enn síður í föðurlandi foreldra þeirra. Þeir sem oftast verða fyrir þessum fordómum eru múslimar og afkomendur þeirra og eru það þeir sem upprunir eru frá norður Afríku sem hafa verið leiknir grátt. Flestir múslimanna eru frá Alsír og hafa Alsírmenn og Frakkar löngum eldað grátt silfur (McPartland 2013).

4.1. Aðgerðarlaus ungmennin...?

Hér að framan hefur mikið verið rætt um húsnaðismál innflytjenda. Flestir innfæddir Frakkar hafa flust á brott úr *banlieue* og hafa hverfin smám saman drabbast niður. Almennri þjónustu sem og félagsþjónustu er virkilega ábótavant. Það er því ekki mikið mikið um að vera eða mikið hægt að hafast við inni í hverfunum fyrir ungmenni. Lítið um verslunarmiðstöðvar, kvikmyndahús eða aðra afþreyingu. Ungt fólk hefur engin afdrep getur ekki farið saman í bíó, hangið í sjoppum eða ráfað um verslunarmiðstöðvar til að drepa tímann. Ungmennin (oftast ungir strákar) enda því á oft á því að vafra um og hanga í stigagöngum eða á öðrum óaðlaðandi stöðum. Það er eins og margir vísar séu að því að Frakkar vilji ekki tengja *banlieue*

við kjarna borganna. Samgöngur á milli aðalhluta borganna og úthverfanna er nefnilega vikrilega ábótavant. Inn í hverfin eru nefnilega oft á tíðum virkilega slæmar. Neðanlestarkerfið stoppar í útjaðri hverfanna. Strætókerfið er óreglulegt og gengur hann ekki eftir myrkur. Íbúar *les banlieues* hafa upplifað þessar slæmu samgöngur á þann hátt að íbúunum sé haldið í úthverfum líkt og dýrum í dýragarði. Því krælis á reiði í ungum hjörtum íbúanna sem á það til að brjótast út með ofbeldisfullum hætti. Þeir sjá sig sem illa gerða hluti með engan tilgang í frönsku samfélagi (heimildarmynd á youtube).

4.2. Tölfræðilegar staðreyndir um 2. og 3. kynslóð

Á liðnum árum hefur innflytjendunum fjölgað jafnt og þétt og önnur og þriðja kynslóð þeirra fara stækkandi. Önnur kynslóð innflytjenda eru skilgreindir þeir sem fæddir eru í Frakklandi og hafa að minnsta kosti eitt foreldri sem er innflytjandi (Kirszbaum 2009, 5) Við átján ára aldur fær fólk sjálfkrafa franskan ríkisborgararétt en í flestum tilvikum öðlast þeir ríkisborgararéttinn talsvert fyrr (Kirszbaum 2009, 9).

Íbúatala afkomenda eða annarrar kynslóða innflytjenda fer hækkandi með ári hverju. 5,3 milljónir innflytjenda, af fyrstu kynslóð búa í Frakklandi og eru um 8% af frönsku þjóðinni. Afkomendur innflytjendanna eru 6,7 milljón talsins eða um 11% af þjóðinni. Frakkland er því sér á í palli í Evrópu þar sem að hæsta hlutfall afkomenda innflytjenda býr þar. Samtals er fólk af erlendu bergi brotnu 19% þjóðarinnar (INSEE 2012).

Frönsk lög eru mjög frjálsgleg, ef tekið er mið af öðrum Evrópulöndum, varðandi veitingu ríkisborgararéttis. Erlendur maki getur krafist þess að fá ríkisborgararétt eftir tveggja ára hjónaband ef að makinn er franskur ríkisborgari. Þá fær franska ríkið eitt ár til að samþykkja beiðnina og er þeim afar sjaldan hafnað.

Eitt af hverjum fimm börnum í Frakklandi í dag er afkomandi innflytjenda (Kirszbaum 2009, V). Þessir afkomendur eru komnir af Maghrebebúum (31%), Asíubúum (14%), Evrópubúum EU27 (35%) og fólki frá handanhafssvæðum og handanhafssýslum Frakklands (f. DOM-TOM)³ (Melun - Val de Seine 2012).

Annarrar kynslóðar Ítalar eru stærsti hópur þeirra sem af annarri kynslóð eru eða 22,6 prósent af annarri kynslóð. Næstflestir eru annarrar kynslóðar Alsírúbúa í kringum 14,1 prósent. Þar á eftir koma Spánverjar sem telja 12,9 prósent og þó það komi á óvart þá eru

³ DOM-TOM er eins og er á frönsku départements et territoires d'outre-mer. Handanhafssvæði Frakklands. Þetta eru fyrrum nýlendur sem að Frakkland stýrir enn.

annarrar kynslóðar Marokkóbúar og Portúgalar einungis með 9,1 prósent og 10,4 prósent (Kirszbaum 2009, 5).

Löng saga innflutnings á vinnuafli og fólksflutningar frá nýlendunum í kjölfar þess að þær fengu sjálfstæði varð til þess að Frakkland titlaði sig lengi sem Terre de l'immigration í alþjóðasamfélaginu og státaði sig af. Eftir 1970 stöðvaði Frakkland innflutning á vinnuafli og fór þá að bera á gríðarlegri fjölskyldusameiningu. Heilu stórfjölskyldurnar fluttust til Frakklands í stað þess að fyrirvinnan kæmi aftur til baka einn heim (Kirszbaum 2009, v).

Þess ber að nefna að þau héruð sem hýsa flesta innflytjendur og afkomendur er Île-de-France og Provence-Alpes-Côte-d'Azur. Innflytjendafjöldinn er áberandi hæstur í Île-de-France með rúmlega 12 milljón íbúa af erlendum uppruna. Þar má finna París, höfuðborg Frakklands og þetta byggð úthverfa út frá henni. Margir innflytjendur búa einnig í Marseille, Nice og Strausbourg. Af einhverjum ástæðum hefur Île-de-France verið vinsæll áfangastaður fyrir innflytjendur en þar er að finna París borg ástarinnar og höfuðborg Frakklands (Bidoux 2012).

4.3. Les Franciliens (íbúar Île-de-France)

Île-de-France er eitt af 22 héruðum Frakklands og þar er höfuðborgin París staðsett. Île-de-France býr yfir þeirri sérstöðu í Evrópu að búa yfir hæsta hlutfalli afkomenda innflytjenda. Þéttasti kjarna innflytjenda má finna þar sé miðað við alla Evrópu. 43% fólks á aldrinum 18-50 ára er af erlendum uppruna (Bidoux 2012).

Afkomendurnir eru orðnir mun fleiri en innflytjendur sjálfir. Einkennandi fyrir héraðið Île-de-France er að mjög hátt hlutfall innflytjenda eru mjög ungt fólk. Um það bil 40% af fólkinu er yngra en 35 ára. Meðalfjöldi innflytjenda sem flyst til Frakklands er um 190.000 manns á ári. Um 43% innflytjenda og 32% afkomenda þeirra flytjast í Île-de-France í úthverfin sem liggja út frá París. Innflytjendur í Île-de-France telja um 18% í heildina en það er þó að vísu mjög svæðisbundið. Sé farið í úthverfin verður prósentan enn hærri. Á landsvísu er heildarhlutfall innflytjenda og þeirra afkomenda um 19% af íbúafjölda þannig að það er mjög greinilegur munur á hlutfalli innflytjenda milli héraða (Kovacs 2012).

4.4. Menntunarstig og tækifæri til menntunar

Ungmenni af erlendum uppruna eru líklegri til að standa utan við menntakerfið, komast ekki jafn langt í skóla og eiga því í erfiðleikum með að verða virkir einstaklingar í efnahagskerfinu.

Enda eru margir sem festast sem atvinnuleysisbótaþegar. Fjölmargar ástæður eru fyrir menntunarleysi þeirra og má þar nefna félagsleg staða, takmarkað tengslanet og mismunun sem þeir verða oft fyrir vegna uppruna (Kirszbaum 2009, v)

Skólaskylda er í Frakklandi og nær hún yfir nemendur til 16 ára aldurs. Eftir að þeim aldri hefur verið náð ræður viðkomandi hvort hann haldi áfram í námi. Það er áberandi mynstur að innflytjendur og afkomendur þeirra fari ekki í frekari nám að loknum grunnskóla. Samkvæmt skýrslum UNICEF um afkomendur innflytjenda segir að ungir innflytjendur eða afkomendur á aldrinum 18-24 sjáist síður í skólakerfinu en innfæddir. Rúmlega 60% innfæddra halda vanalega áfram á efri menntastig eftir 18 ára aldurinn. (Kirszbaum 2009, 34).

Árið 1982 settu stjórnvöld af stað kerfi líkt og gert hafði verið víðs vegar um heim ef þörf þótti vegna slæmra aðstæðna. Þetta kerfi kallaðist *ZEP Zones d'Education Prioritaire* eða forgangsmenntunarsvæði. *ZEP* var eitt af aðal stefnumálum Sósíalista-flokksins þegar hann bauð sig fram árið 1981. Ári síðar hófust aðgerðir. Kerfið fólst í því að skólar sem þurftu á aðstoð að halda fengu aukna fjárveitingu. Stofnaðir voru sérstakir sjóðir sem styrkja áttu skólastarf og kennslu. Sérstakar kennsluáðferðir átti að þróa sem sniðnar voru að þörfum nemenda. Kennarar skólanna sem störfuðu í *ZEP* skólum fengu greitt fyrir fleiri kennslustundir þar sem að nemendum fjölgaði ört í hverjum bekk og kennarar höfðu ekki áður fengið greitt í samræmi við það (Bénabou 2009, 352). Kerfið átti að vara í fjögur ár, rétt til þess að blása skólunum smá byr undir vængi. Það ílengdist þó og varð talsvert stærra í umfangi eftir því sem árin liðu. Fleiri og fleiri svæði voru sett í þetta kerfi og fengu aðstoð. Með tíð og tíma varð *ZEP* kerfið mjög umdeilt. Þó að um jákvæða mismunun væri að ræða þá var þetta mismunun og fólki þótti það vera sóun á skattpeningum sínum að reyna að bjarga þeim sem yrðu hvort sem var alltaf lágt settir í kerfinu (Bénabou 2009, 345-345). Franskt menntakerfið hafði alltaf verið mjög miðstýrt og varð þetta fyrsta menntakerfið sem komst út úr miðstýringunni. Meira frelsi gafst því til aðgerða og athafna eins og þessi svæði þurftu á að halda. (Bénabou 2009, 346).

Þrátt fyrir háværar gagnrýnisraddir og skoðun margra á því að þetta kerfi væri þýðingarlaust þá var greinilega mikil þörf á aðstoð í skólum í hverfunum sem voru í mjög bágri stöðu. Rannsóknir hafa þó því miður sýnt að þetta kerfi sem sett var af stað af góðum vilja og hjálpa átti ungmennum að komast áfram á menntasviðinu bar ekki góðan árangur. Það virkaði öfugt á kennara að starfa í *ZEP* skólum og gæði kennslunnar og metnaður

kennara fyrir henni dalaði frekar en að aukast. Þeim þótti niðurlægjandi að fá þann stimpil á sig að kenna í ZEP skólum. Námsárangur nemendanna sem var meginmarkmið kerfisins jókst ekki og nemendur stóðu í stað í námi sínu. Hlutfall nemenda í framhaldsnámi jókst heldur ekki. (Bénabou 2009, 355).

Stuðningur foreldra er talinn vera mikilvægur hlekkur í farsælli skólagöngu. Börn afkomenda innflytjenda búa oft en ekki við lélegan stuðning foreldra sinna og líklegt að það sé ein af ástæðunum fyrir slöku gengi nemenda. Foreldrarnir hafa oft hvorki tækifæri né vilja til að hjálpa börnunum með skólagönguna. Mismunun og aðskilnaður vegna erlends uppruna er þó talinn vera sá þáttur sem að spilar stærst hlutverk í slæmum námsárangri. Eins og áður var búið að fjalla um ZUP eða forgangs menntunar svæði en þar má finna vel yfir 20 % af börnum sem eru af erlendum uppruna. Í skólum sem eru ekki ZUP eru einungis 2% nemenda af erlendum uppruna. Börn af norður afrískum, Sub-Saharan afrískum og tyrkneskum uppruna búa í hverfum sem eru bág og ganga því í vandamálaskólana sem eru í hverfunum. Þar halda þau áfram að vera vandamál í vandamálaskólanum þar til að skólagöngu lýkur. Metnaður þeirra fyrir námi er lítill þegar þau byrja í skólanum og helst metnaðarleysið út skólagöngu þeirra.

Óbein mismunun þegar þeir sem hafa meira á milli handanna geta sent börnin sín og sinnt menntun þeirra betur með því að senda börnin í einkaskóla, hvetja þau og aðstoða. Á móti börnum sem búa við verri aðstæður í vandamálhverfum sem hafa ekki sömu hvatningu og tækifæri og börnin sem komast í betri skóla. ZUP skólar eru einungis á svæðum þar sem að örvæntingin er mikil. Það er jafna sem auðvelt er að reikna út að börn eigi ekki eftir að ná langt í lífinu þegar þau vaxa úr grasi í ZUP, óbeina mismunun, fátækt og slæma félagslega stöðu (Kirszbaum 2009, 32-33).

4.5. Atvinnutækifæri íbúa *les Banlieues*

Fylgni er milli þess að ljúka ekki námi eða vera með stutta skólagöngu og spjara sig á vinnumarkaðinum. Það er þó meira sem liggur að baki atvinnuleysi ungmennanna í *les banlieues*. Þessi ungmenni upplifa mikla mismunun á vinnumarkaðinum. Mismunun á vinnumarkaði milli ungmenna af erlendum uppruna og innfæddra franskra einstaklinga er mjög greinileg og ræður því hvort ungmenni af erlendum uppruna nái langt á vinnumarkaðinum. Erlendu ungmennin þurfa að horfast í augu við mismunun vegna uppruna síns, húðlitar og pósthags, komi þeir úr *banlieue* þegar þau reyna að sækja um

vinnu. Innflytjandi er ekki sama og innflytjandi, miklu máli skiptir hvaðan viðkomandi er. Ungt fólk frá norður Afríku, Sub-Saharan Afríku og Tyrklandi var fjölmennasti hópur atvinnulausra. Mun lægra hlutfall var hjá fólki frá til að mynda Asíu eða Portúgal. Þeir sem upprunalega eru frá Afríku og Tyrklandi finna fyrir mestu mismununinni og búa við slökustu kjörin (Kirszbaum 2009 34-35).

Þó það sé auðveldara fyrir afkomendur innflytjenda að finna starf en það var fyrir foreldra þeirra þá eru líkurnar ekki sérstaklega miklar fyrir afkomendur innflytjendanna að fá starfsráðningu. Það er 1,5 til 2 sinnum meiri líkur á því að afkomandi innflytjenda í *banlieue* endi atvinnulaus en innfæddur Frakki á sama aldri. Skiptir það litlu máli hvort að viðkomandi aðili eigi eitt franskt foreldri og eitt foreldri sem er innflytjandi. Vinnuveitandi velur frekar innfæddan Frakka fram yfir annan af erlendu bergi brotnu. Í opinbera geiranum eru mjög fáir afkomendur innflytjenda sem fengið hafa vinnu sem ríkisstarfsmenn. Einungis 4% af karlkyns opinberum starfsmönnum á aldrinum 18-40 ára eru afkomendur innflytjenda á móti 11% ríkisstarfsmanna sem eru innfæddir Frakkar. Hjá konum eru það 6 prósent og 18 prósent á sama aldursbili. Mikið atvinnuóryggi ríkir því hjá þessum ungmönnum. Fólk sem er af erlendum uppruna og þá helst Tyrkjar og N-Afríkubúar eru sérstaklega berskjaldaðir. 36% ungra tyrkneskra kvenna og 41% ungra tyrkneskra karlmanna hafa óstöðuga vinnu og vita ekki í hversu langan tíma þeir halda vinnunni (Kirszbaum 2009, 35-36).

Eins og gengur og gerist er mikil samkeppni um eftirsóttar stöður þegar þær eru auglýstar og margir umsækjendur. Það eru alltaf einhverjir afkomenda innflytjenda sem hefur lagt hart að sér og menntað sig til að fá gott starf. Þegar sótt er um eftirsóttar stöður og tveir jafnhæfir einstaklingar, annar er afkomandi innflytjenda upprunalega úr *banlieu* en hinn er innfæddur Frakki úr hverfi sem þykir ágætt þá er það nánast undantekningarlaust sem að sá innfæddi fær stöðuna. Seint sér fyrir endann á þeirri mismunun sem unga fólk frá Norður Afríku eða Tyrklandi verður fyrir þrátt fyrir að vera vel menntað og tilbúið í stöðuna og mjög hæfir einstaklingar.

Ástæðan fyrir þessari mismunun er talin vera að staðalímynd Norður Afríkubúa er ekki sérstaklega góð í frönsku samfélagi. Umfjöllun fjölmiðla um slæmt ástand í *banlieue* svertir enn frekar ímynd þeirra. Norður Afríkubúar hafa slæmt orð á sér sem *unfavourable average characteristic* og setja vinnuveitendur gjarnan í lás þegar Norður Afríkubúar koma í viðtöl til þeirra. Þeirra tilhneiging er að líta á alla sem eru af norður afrískum sömu augum. Jafnvel þó viðkomandi sé frammúrskarandi hæfur og vel menntaður. Þetta er víti sem innflytjendur eiga

erfitt að komast úr. Góð menntun virðist því ekki vera öruggur lykill að góðum störfum hjá þessum minnihlutahópi Frakka (Kirszbaum 2009, 36-37).

National Observatory of Sensitive Urban Areas könnuðu aðstæður í *banlieue* hverfunum og sáu fljótlega óeðlilega mikið atvinnuleysi. Atvinnuleysi fólks sem kom úr hverfunum og hafði lokið stúdentsprófi var 17,7% hjá innflytjendum á móti 8,7% hjá innfæddum í öðrum hverfum (Kirszbaum 2009, 37). Þarna sést greinileg tenging á milli þess að vera búsettur í *Banlieue* og vera afkomandi innflytjenda og þá helst af norður afrískum uppruna.

Það virðist því vera lítið um tækifæri fyrir innflytjendur eða afkomendur þeirra til að ná langt áfram í lífinu og öðlast góða vinnu með ágætum tekjum. Þau ungmenni sem vinna hart uppskera ekki ekki endilega ávöxt erfiðis síns. Þeim fáu heppnu sem tekst að fá góða vinnu flytja flestir úr hverfunum. Þannig hafa þeir sem eftir sitja engar fyrirmyndir og hafa ekki metnað til að mennta sig og vinna að sérstökum markmiðum í lífinu. (Kirszbaum 2009, 38). Það vill gerast að atvinnuleitendur líta á nafn viðkomandi umsækjanda og athuga úr hvaða hverfum þeir koma og ef viðkomandi kemur úr *banlieue* hverfunum getur viðkomandi oftast en ekki gefið það upp á bátinn að fá vinnu. Það vill nefnilega gerast að vinnuveitandi hirði ekki um að lesa yfir umsókina ef hann sér póstnúmer frá *banlieue*hverfunum. Reynt hefur verið að berjast gegn mismunun af þessu tagi með því að senda inn nafnlausar umsóknir inn í sum fyrirtæki. Þá fær vinnuveitandi ekki að sjá að sjá forsíðu umsóknarinnar.

Það er víst lítið annað í boði fyrir íbúa þessara hverfa hvort sem það er af fyrstu annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda annað en að lifa á atvinnuleysisbótum. Það eru mýmörg dæmi þess að amman, afinn, mamman, pabbinn og börnin eru öll á atvinnuleysisbótum. Ef fólk er heppið að vera ráðið í vinnu á það alltaf á hættu að vera greitt undir lágmarkslaunum og hljóta slæma meðferð af vinnuveitendum. Inni í *banlieue* hverfunum er ekki mikla vinnu að fá. Þar eru aðallega blokkir og íbúðir á meðan að allt líf og þjónusta fer fram utan hverfisins. Það væri þá helst í boði að starfa í einni af fáum verslunum þar eða verksmiðjum sem eru staðsettar í úthverfunum. Þróunin á þeim er þó sú að sífellt fleiri verksmiðjum er verið að loka sökum gjaldþrota (US Europeans 2013).

4.6. Sjálfsmynd afkomenda Innflytjenda

Það að fæðast með ríkisborgarrétt og tilheyra þjóð er ekki sjálfgefið. Það að heyra það að þú eigir að fara heim til þín, að þú takir bara pláss og að þú sért ekki velkominn er brot á

mannréttindum þínum og brýtur niður sjálfsmyndina. Ekki ertu heldur velkominn í föðurlandi þínu. Þetta er staða sem er erfitt að sætta sig við. Klofningur sem er erfiður fyrir ungt fólk að átta sig á hvernig það á að höndla. Það fæðist franskt en á samt fjölskyldu sem er erlend. Viðkomandi lærir tvö tungumál, mismunandi siði og menningargildi viðkomandi er því að vissu leyti með sundurslitna sjálfsmynd einnig hafa trúarleg gildi mikið að segja um hvernig fólk skilgreinir sjálft sig.

Stór hópur innflytjenda sem flust hafa frá Norður Afríku er mjög oft oft staðsettur í *les banlieues*. Nánast helmingur innflytjenda sem hlotið hefur franskan ríkisborgararétt segist ekki hafa það á tilfinningunni eða vera franskur. Einn fjórði af annarri kynslóð tók undir þetta. Þeir upplifa sig öðruvísi og utangátta. Er það húðlitur, tungumál, hreimur, uppruni, ættarnafnið eða meðferð innfæddra? Spurningar hafa vaknað varðandi það hvernig tilfinningin eigi að vera þegar maður er Frakki. Er það réttur hreimur, rétt ættarnafn eða það að geta komið fram eins og Frakki sem lætur viðkomandi passa inn í franskt samfélag (Simon 2012, 5). Frakkar eiga erfitt með að viðurkenna fjölmenningarleikann sem ríkir innan þeirra samfélags og telja þeir innflytjendurnar vera skýrt dæmi um misheppnaða aðlögun og sé sök yfirvalda að hafa klúðrað málunum það þarf þó ekki að líta lengra en til þeirra vestrænu ríkja sem eru stærst. Til Bretlands þar sem fjölmenningu er fagnað sem og Bandaríkjanna og Kanada (Simon 2012, 7). Það skiptir að vísu miklu máli hvar fólk býr og með hverjum það elst upp af hvaða þjóðerni það telur sig vera. Franskt eða af sínu upprunapjóðerni. Samkvæmt könnunum líta þó flestir afkomendur innflytjenda sem þeir séu af tveimur þjóðernum. Franskir og svo af upprunalandi (Simon 2012, 22).

Það virðist sú pólitíska og staðalímyndar hugmynd að innflytjendur verði franskir í húð og hár með einni kynslóð. Það eigi að reyna að deyfa þjóðerniskennd og rætur innflytjendanna og afkomenda þeirra. Það sem að vinnur þó gegn þessari stefnu Frakklands er að allt sem að tengir við franskan einleika er að skólakerfi, félagslegar stofnanir og herinn taka ekki vel á móti fólki af erlendu bergi brotnu og aðlaga það illa inn í kerfið (Kirszbaum 2009, 41). Rannsóknir sýna að afkomendur innflytjenda sérstaklega frá Norður-Afríku eiga virkilega erfitt með að tjá hvar þeirra rætur liggja. Barátta er á milli þess að minnast ættjarðar foreldra þeirra og menningar sem og að reyna að bæla niður þessa kennd. Einnig finnst þeim erfitt að aðlagast frönsku samfélagi og fá þjóðerniskennd þar sem þeir eru ekki beint velkomnir í Frakklandi. Það er því erfitt fyrir ungmennin að ná tökum á því hvar þjóðerni þeirra liggur. Eiga þau að aðlaga sig frönskum siðum eða eiga þau að halda í

upprunalandssiði sína og trú. Hvernig er hægt að lifa með báða þætti án truflandi áhrifa? Þjóðerni þeirra er því eitthvað á þá leið að fá lánaða menningarhluti úr nútímasamfélagi landsins sem þau búa í og blanda inn í það sögu úr ímyndaðri þátíð samfélagi upprunalands sem þau hafa aldrei kynnst. Það er ekki mikil furða að ungu fólki gangi erfiðlega að fóta sig (Kirszbaum 2009, 42).

Búi fólk á meðal þeirra sem hafa sama þjóðernislega bakgrunn og það hækkar það líkurnar á að fólk einangrist frekar í þeim hópum. Þannig byggist upp aðskilnaðurinn sem virðist vera að færast í aukana í *les banlieues*. Þetta á sérstaklega við um Norður - Afríkubúana. Til að aðskilja sig enn frekar frá frönsku samfélagi hafa þeir þróað með sér mállýsku sem kallast *Verlan*⁴ eða golfranska og hafa þeir snúið við frönskum orðum og nota þau þannig daglegu tali sín á milli (Kirszbaum 2009, 40). Mikið um rapplög þar sem ungmenni tjá sína pólitísku skoðanir og fá útrás fyrir reiði sinni á franskt samfélag sem hefur farið svo illa með það. Sumum hafa tekist að verða frægir út fyrir hverfin og eru nokkrir af þeim vel þekktir og vinsælir tónlistarmenn í Frakklandi

Íslam spilar svo stórt hlutverk inn í sjálfsmynd innflytjendanna enda áberandi trúarhópur innan samfélags sem er ekki Íslamtrúar sem og iðkunarreglur sem falla oft ekki að vestrænum gildum. Þrátt fyrir að í Frakklandi sé aðskilnaður ríkis og kirkju (f. laïcité) þá virðast múslímar ekki fá algjört frelsi til að iðka sína trú. Miklar umræður heyrast í Vestur-Evrópu varðandi það hvor múslímar eru komnir að taka yfir Evrópu. Frönsk yfirvöld hafa á síðust árum skipt sér mikið af trúariðkun íbúa sinna sem virðist einna helst bitna á múslimum. Afnáam trúartákna í skólum þar sem að krossinn, gyðingahúfur eða slæður mega ekki sjást og brottvísun beið þeirra kvenna sem gengu um með slæður. Á Síðasta ári var löggjöf samþykkt þar sem að búrkubann var sett á innan Frakklands. Með afnámi slæðunnar og búrkubanni eru konur settar í stöðu sem gerir þeim enn erfiðara fyrir að ákveða hvernig þær eigi að bregðast við. Hvort þær eigi að halda í sín trúarlegu og menningarlegu gildi sem felast í því að bera slæðuna eða hafna þeim og aðlagast vestrænum menningarlegum gildum Frakklands sem mismunar trúarlegum gildum. Lítið er um moskur þar sem að múslímar iðka sína trú og biðja til Allah. Í *banlieue* er hlutfall múslima svo hátt að þegar fólk leggst á bænir þarf það stundum að krjúpa á göturnar fyrir framan moskurnar. Það er því á vissan hátt verið að ráðskast með múslima sem eru að stórum hluta norður Afríku búar sem hafa hvað verst orð yfir sér.

⁴ Golfranska *verlan* þar sem að atkvæðum í orði er snúið og búið til nýtt orð. *Arabe = be-ur*.

4.7. SOS Racisme

Í október 1983 var skipulögð kröfuganga, *Marche des beurs*. Þetta var mótmælaganga fyrir jafnrétti, á móti kynþáttahatri og lögreglunni sem upp úr 1980 var farin að færa sig upp á skaftið gegn innflytjendum. Aröbum frá norður Afríku þótti lítilsvirðing að hafa ekki fengið sérstakt nafn á sig sem samfélagshluti. Þeim þótti að mörgu leiti niðurlægjandi að vera ætíð kallaður annar kynslóðar innflytjendur eða afkomendur komnir af innflytjendum. Átakalaus mótmæli undir skipulagningu föður Christian Delorme voru sett af stað sem áttu að hafa áhrif á ímynd þessa ákveðna hóps í frönsku samfélagi. Þeir eru nefnilega hvorki franskir né innflytjendur og erfitt var fyrir þá og almenning að skilgreina sig. Það sem gerðist meðal annars í þessari göngu að á golfrönsku sem kemur úr les *banlieues* í París varð orðið *Beur* sem flokkurinn fékk á sig. *Marche des beurs* kröfugangan dreifðist svo um allt Frakkland dreifðist svo um allt Frakkland þar sem að gengið var fyrir réttindum *beur* (arabanna) (Juhem 2007, 9-10).

Samtökin *SOS-Racisme* voru stofnuð í kjölfar mótmælendagöngu *Marche des beurs*. *SOS Racisme* eru frjáls félagasamtök sem berjast á móti fordómum og kynþáttahatri. Samtökin reyna að bæta úr þeirri brotalöm í frönsku samfélagi sem aðskilnaður og úthverfamyndun hefur orðið með því að bæta hugarástand samfélagsins og auka metnað fólks til að lifa í jöfnuði. Þeir reyna að berjast gegn fordómunum með því að koma á nýju skipulagi á borgum Frakklands. Menntun er einnig eitt af lykillausnum þeirra og sérstaklega menntun um fordóma þar sem að börnum er kennt strax í grunnskóla að virða náungann og að allir séu jafnir (*SOS Racisme* 2013). *SOS racisme* vinnur einnig mikið að sameiningu fólks af ólíkum kynþáttum og eru þar af leiðandi mjög á móti úthverfunum og einangrun þeirra. Innflytjendur lokast inni og fá alltof fá tækifæri til að blandast frönsku samfélagi. Samtökin leggja einnig mikið úr því að kynna innflytjendur sem náð hafa langt til að sýna ungmennum í *banlieue* fram á að það sé hægt að vinna sig upp úr vonleysi úthverfanna (*SOS Racisme* 2013)

SOS racisme hefur unnið náð með franska sósíalístaflokknum (f. Parti Socialiste) enda eru nokkrir aðilar sósíalístaflokksins forsprakkar *SOS racisme*. Margir af upphafsmönnum *SOS Racisme* hafa náð langt í pólitíkinni og ber þar að nefna fyrsta forseta *Harlem Désir* sem situr nú fyrir franska sósíalista flokkinn á Evrópuþinginu (*SOS Racisme* 2013).

Slagorð *SOS Racisme* er „*Touche pas à mon pote*“ sem kom upp árið 1985 og þýðir „taktu hendurnar af félagi mínum.“ Lýsir þetta slagorð því hvernig þeir sem eru í samtökunum sem og allir minnihlutahópar eiga að standa upp og hjálpast að og verja hvern

annan. Einnig hafa þeir í baráttuherferðum sínum, *SOS racisme*, komið með fleygar setningar sem fá fólk til að hugsa á borð við „La France n'est pas une race mais une nation“ og „on aime tous le même pays et on veut pouvoir y vivre ensemble.“ Þessar setningar munu þýða „Frakkland er ekki kynþáttur heldur þjóð“ og „við elskum öll sama landið og viljum geta lifað þar í sátt og samlyndi.“ Þessar setningar voru mikið notaðar í herferð gegn fordómum árið 1990. Þarna var verið að vekja athygli á því að fólk þyrfti að læra að lifa í sátt og samlyndi (Gilles Durupt 2013). Mikil vakning hefur orðið á réttindum íbúa *les banlieues* en langt frá því að lausnir séu komnar til að ástand úthverfanna skáni og norður Afríku búar og aðrir múslimar fái betri tækifæri í frönsku samfélagi.

4.8. Óeirðir

Mikil reiði býr í ungmennum af erlendum uppruna úr *les banlieues*. Margir þættir valda því að heift af þessu tagi hefur þrífist í hjörtum ungmennanna. Það er til að mynda sú tilfinning að vera ætíð útskúfaður úr samfélaginu. Nýlendusaga Frakklands og hvernig Frakkar fóru með nýlendubúa sína og þá helst hvernig stríðin í Alsír enduðu þar sem að *pied-noirs* og *harkis* neyddust til að flytja til Frakklands (Canet, Pesch og Maura 2009, 8). Höfðu þeir þá háð orrustu fyrir Frakkland gegn Alsír og fengu ekkert annað en svívirðingar eftir að hafa flust til Frakklands. Bágt ástand í þeirra nánasta umhverfi eins og atvinnuleysi, menntunarleysið og fátæktin sem einkenna ZUS svæði úthverfanna sérstaklega (Canet, Pesch og Maura 2009, 10).

Óeirðir hafa brotist út öðru hvoru í Frakklandi síðan á 9. áratugnum. Mótmælagöngurnar sem hófust árið 1983 lýsa ósætti Arabanna og Norður Afríkubúanna og hituðu upp andrúmsloftið. Suðupunktur mótmæla og ástands innflytjenda náði hápunkti árið 2005 þegar óeirðir geisuðu um allt Frakkland þar sem að annarrar kynslóðar ungmenni kveiktu í bílum og byggingum og réðust að lögregluþjónum. Frönsk stjórnvöld voru harkalega gagnrýnd fyrir þessa atburði þar sem að þeir sýndu á ákveðinn hátt hvernig þau brugðust samlögun innflytjenda í franskt þjóðfélag.

Aðfaranótt 27. október árið 2005 létust tvö ungmenni frá Clichy-sous-bois⁵. Ungmennin tvö þá 15 og 17 ára gömul létust við raflost þegar þau flúðu undan lögregluathugun inn í rafmagnsstöð. Þessa sömu nótt varð mikil upplausn og í nágrenni við þennan stað gengu ungmenni berserksgangi og kveiktu í 27 bifreiðum. Daginn eftir þan 28.

⁵ Clichy-sous-bois eitt af úthverfum Parísar þar sem að ástandið er vanalega hvað verst.

október kemur Nicolas Sarkozy þáverandi innanríkisráðherra með yfirlýsingu sem leysir lögregluþjónana undan allri ábyrgð í málinu. Það féll síður en svo í góðan jarðveg aðstandenda og tendraði undir enn meiri reiði og heift. Íbúar úthverfanna líta á þetta mál sem mikinn harmleik og sem skýrt dæmi um ósætti lögreglu og íbúa *banlieue*.

Valdajafnvægi á milli lögreglu og íbúanna hafði þá hangið á veikum þræði síðustu mánuðina og þá sérstaklega þegar að Nicolas Sarkozy talar um að hann vilji mest af öllu losna við alla óeirðaseggi úr landinu og þeir sem séu með óspektir við lögregluþjóna skuli tapa frönskum ríkisborgararétti. Skola eigi öllum ruslalarýð eða óþjóðalýð úthverfanna í burt með *Kärcher* háþrýstivatnsdælu (Canet, Pesch og Maura 2009, 1). Miklar eyðileggingar urðu eftir óeirðirnar árið 2005, meðalaldur óeirðarseggjanna var um 16 ár. Óeirðirnar dreifðu sér um landið allt. Fyrstu tíu dagana var ástandið einungis í París. Hátt í 10.000 bifreiðar voru brenndar, 233 ríkiseignir og 74 einkaeignir. Tjónið var metið á um 200 milljónir evra. Óeirðirnar gengu yfir á tæpum mánuði en 17. nóvember var talið að ástandið væri stöðugt þegar einungis 100 bílar voru brenndir á nóttu (Canet, Pesch og Maura 2009, 2).

Óeirðirnar 2005 fengu stjórnámálamenn til að íhuga það hvernig farið hefur hjá þessum minnihlutahópum og mikil vakning varð á málefnum þeirra sem búa við þessar aðstæður, skortur á tækifærum, mismunun og fordómar. Mikil umfjöllun varð um þessi mál í fjölmiðlum um allan heim þar sem að kafað var misdjúpt ofan í aðstæður íbúa úthverfanna. (Canet, Pesch og Maura 2009, 10). Ástand *les banlieues* vakti óhug í heiminum þar sem að fyrna átti lögregluna öllum sökum og setja alla sök á ungmennin.

Þessi kafli sýnir í samhengi hvernig afkomendur innflytjenda hafa orðið stækkandi hópur. Sérstaklega ber að athuga hvernig norður Afríkubúar virðast sæta mestu ofbeldi af þeim. Það er því ekki sama af hvaða uppruna þú ert hvernig aðlögun gengur inn í samfélagið. Hægt er að ímynda sér að norður Afríku upprunir íbúar búi yfir talsvert ólíkari menningarlegum gildum en Frakkar og aðrir Evrópubúar sem hefur gengið mun betur að laga sig inn í franska samfélagið. Atvinnuleysi hjá Aröbum mælist almennt mun hærra en hjá þeim sem koma frá öðrum Evrópuhópum. Fordómar vegna trúar og litar hafa oft verið nefndir í umræðunni um lélegt gengi norður Afríku uppruninna á marköðum Frakklands.

5. Hver er stefna stjórnvalda í málefnum innflytjenda

Óeirðirnar árið 2005 vöktu athygli á heimsælikvarða og augu heimsbyggðarinnar opnuðust fyrir slæmu ástandi innflytjenda og afkomendum þeirra. Það eru margir þættir sem spila inn í hvernig komið er fyrir innflytjendum og hvers vegna aðskilnaður er svo mikill og samlögun gengur illa þrátt fyrir að fjórða kynslóð sé farin að líta dagsins ljós.

Segja má að bágt ástand innflytjenda hafi versnað eftir að óeirðirnar árið 2005. Þó að vakin hafi verið sýn inn í ástand *banlieue* þá má segja að sú sýn hafi snúist gegn þeim. Undir hægri stjórn Nicolas Sarkozy árin 2005-2012, sem sjálfur var innflytjandi frá Ungverjalandi, hafa innflytjendur ekki fengið betri lífskjör (RFI 2013). Eitt af kosningarloforðum hans var að stofna innflytjenda-, samlögunar- og hælisleitandi ráðuneyti árið 2007. Þegar hann settist síðan í stjórnarstólinn studdi hann ekki mikið undir innflytjendum heldur þvert á móti. Þrátt fyrir að vera sjálfur innflytjandi að uppruna og á hans kjörtímabili voru mörg lög lögleidd sem töluðu á móti innflytjendum. Ber þá að nefna brottrekstur Roma fólks úr Frakklandi og var þá komin fimmta innflytjendalöggjöfin á fimm árum. Bannaði konum að klæðast niqab⁶ á almannafæri og hafði miklar umræður um hvað það merki að vera franskur þar sem að innflytjendaráðuneyti hans fór með aðal-hlutverk.

Þarna tryggði hann sér hægri stuðning og atkvæði frá þeim sem studdu þessa óinnflytjendavænu stefnum. Stefnuskrá hans í aðdraganda kosninga 2012 var að fækka innflytjendum inn í landið um helming. Þrátt fyrir að innflytjendur sem nýkomnir eru inn í landið þá eru það ekki þeir sem eru vandamálið heldur liggur vandamálið vegna aðskilnaðarins og lélegrar samlögunar inn í samfélagið hjá þeim sem búið hafa í Frakklandi allan þennan tíma eins og Norður-Afríku búar í *les banlieus*.

Erfitt er fyrir afkomendur innflytjenda að fá það nokkurn tíman á tilfinninguna að vera franskur. Þrátt fyrir að pappírar sýni það að viðkomandi sé franskur ríkisborgari. Franska lýðveldið segir að fjölmening sé tabú. Talað eru um það í Frakklandi þegar þú ert orðinn franskur ríkisborgari skiljir þú eftir menningarlegan og þjóðlegan mismun ef á landamærunum. Allir eigi að vera jafnir fyrir ríkinu sem er litblint og sér hvorki kynþætti né

⁶ niqab - slæða sem hylur andlitið

trúarflokka. Þjóðlegir minnihlutahópar eru ekki til og ólöglegt er að mismuna fólk eftir þjóðerni (Guardian 2010)

Það er þó raunveruleikinn í Frakklandi að bilið milli þessarar hugsjónar og raunveruleikans er sífellt að breikka. Bannið við slæðunum má segja að sé afturhvarf til nýlenduhugsunar Frakklands þar sem að þeir fóru um heiminn til að siðmennta þjóðir sem ekki höfðu tekið upp kristileg gildi og sem væru því ekkert annað en villimenn sem þyrfti að temja. Þarna sé verið að traðka á frelsi fólks til að gera það sem það vill með því að Frakkland sé að koma með hugsjónir af þessum toga og ýta þeim á almúgann (Guardian 2011). Konur og ungar stelpur verða hvað einna verst út úr þessum bönnum þar sem að þær eru einstaklingarnir sem þurfa að bera klútana sem að fela andlitið. Frakkland segist vera að koma í veg fyrir kúgun kvennanna. Það hefur orðið til þess að ungar stelpur geta ekki gengið í almennings skóla í Frakklandi og hafa því leitast inn í sérstaka múslimaskóla sem eru í úthverfunum (Chrisafis 2011). Þetta verður til þess að aðskilnaður múslima frá meginstraum franska lífsins verður enn frekari. Einnig þegar bannið tók gildi þurfti mikið af ungum konum að hætta í háskóla þar sem að þær höfðu ekki möguleika á því að stunda námið með slæðurnar án þess að verða reknar úr tíma og það stríddi gegn þeirra gildum að bera ekki slæðurnar.

Stöðug barátta vinstri og hægri aflanna sem skiptast á að stjórna hafa einnig litað andrúmsloftið mjög mikið. Með hægri stjórn smitast þeirra skoðanir út í almenning um að það séu of mikið af innflytjendum og það streymi of mikið af innflytjendum inn í landið. Þegar vinstri stjórn er svo við lýði opnar hún arma sína fyrir innflytjendum og það eykst á þá. Svona gengur þetta hægri vinstri án þess að nokkuð sé hægt að aðhafast af viti í málefnum innflytjendanna eða afkomendum þeirra. Sífelld barátta á milli tveggja póla. Stefna stjórnvalda virðist því ekki vera í neina átt. Heldur fer hún áfram eftir eftir hentisemi stjórnvalda sem eru við lýði hverju sinni. Það virðist þó vera eitt áberandi mynstur í dag og það er óvild í garð múslima sem ríkir orðið um allan heim í vestrænum ríkjum.

Niðurstöður

Í þessari ritgerð var fjallað um innflytjendur sem fluttust til Frakklands á löngu tímabili og afkomendur þeirra. Þessir afkomendur fæddust í flestum tilvikum sem franskir ríkisborgarar og ættu að búa við sömu réttindi og aðrir franskir ríkisborgarar. Margt fólk fluttist til landsins sem verkamenn til að ljá Frakklandi hjálparhönd við uppbyggingu eftir stríð. Þetta voru aðallega karlmenn en fjölskyldur þeirra fylgdu eftir í kjölfarið. Stór hluti verkamannanna og fjölskyldur þeirra voru múslimar sem komu frá norður Afríku. Tíminn leið og sérstakar íbúðir voru byggðar handa verkamönnum. Þetta voru ekki glæsileg húsnæði heldur stórar byggingar með mörgum íbúðum þéttskipaðar á ákveðnum stöðum.

Upphaflega bjuggu allir þarna, franskir innfæddir ríkisborgarar í bland við innflytjendur af öllu tagi. Það varð þó á einhverjum tímapunkti að innfæddum tókst að kaupa sér betra húsnæði og ákveðnum hópum innflytjendanna þá sérstaklega þeir sem voru af Evrópskum uppruna. Eftir sátu restin af innflytjendunum í úthverfunum og varð þetta fyrsta skrefið að aðskilnaðargjanni sem fór svo breikkandi með árunum. Í þessum hverfum sem kallast *les banlieues* eru fá atvinnutækifæri. Íbúarnir eru misjafnlega staddir en verst er ástandið hjá ungmennunum. Þau reyna að komast á atvinnumarkaðinn með stimpil á sér með „röngu“ póstnúmeri og sérstaklega verða þeir illa úti sem eru af afrískum uppruna. Metnaður fyrir námi á svæðunum sem eru verst stödd er lítill og klára fæstir menntaskóla. Það setur því viðkomandi aðila í enn verri stöðu framtíðarlega séð. Óeirðirnar sem hafa fylgt í kjölfarið hafa einnig gefið íbúunum slæman stimpil fyrir að vera ófriðarseggir. Einnig skóf Nicolas Sarkozy ekki utan af því á sínum kjörtímabilum hvað þessar kynslóðir afkomenda ættu ekki heima í Frakklandi.

Það er því skiljanlegt í öllu þessu mótlæti að ungmenni af afrískum uppruna úr hverfum sem þessu sjái ekki bjarta framtíð. Það verður erfitt að koma þessum einstaklingum út í þjóðfélagið og láta blandast betur inn í franskt samfélag því þessi stimpill hefur nú þegar festst á þeim og mun fylgja þeim um langa tíð. *SOS racisme* hefur unnið gott starf við að hjálpa til við að vekja upp aðgerðir til að koma fólki út úr þessum aðstæðum. Aukin menntun og athygli á málefnum fólks úr *les banlieues* er það helsta sem að þau geta orðið úr verki til aðstoðar. Það verður áhugavert að sjá hvað mun gerast undir Sósíalista stjórn François

Hollande á næstu árum enda berst hann ekki jafn grimmt fyrir hægri atkvæðum og forveri hans Nicolas Sarkozy.

Til að svara rannsóknarpsurningunni: Hvað kemur í veg fyrir að afkomendum innflytjenda og þá sérstaklega þeim sem eru af Norður-Afrískum uppruna tekst ekki að blandast inn franskt samfélag. Eru það stjórnvöld, þeir, staðsetning eða almenningur sem hafa ekki viljann til samlögunar?

Má sjá að allir þættir hafa orðið til þess að innflytjendur og þá sérstaklega þeir sem eru af Norður-Afrískum uppruna hafa ekki aðlagast eins og vera ber inn í franskt samfélag. Það eru margir þættir sem spilað hafa inn í það því að í upphafi þegar að innflytjendur streymdu í sem mestum mæli að þá var samlögun á góðri leið. Það sem að virðist svo hafa gerst í sögunni er að innfæddum tókst að öðlast húsnaði á betri stöðum en í *les banlieues*. Þar tóku þeir með sér mikið af þeirri þjónustu sem ríkti í úthverfunum til að byrja með og þeir sem eftir voru voru gerðir atvinnulausir í miklum mæli. Með tíð og tíma og auknum fjölda múslima og hryðjuverka í heiminum hafa fordómar til múslima aukist á meðal Evrópubúa og er hægt að segja að fordómar af því tagi verða til þess að þeir fá ekki þann stað sem þeir eiga skilið í samfélaginu. Þeir eru strax komnir með múslimastimpilinn og óeirða stimpilinn. Einnig hafa aðgerðri stjórnvalda varðandi lögsetningu á trúarlegum táknum ýtt múslimum enn frekr út í horn.

Frakkland er því eins og mörg önnur Evrópulönd sem búa yfir fordómum gegn múslimum. Segja má að þetta séu fordómar sem og hræðsla við þessi trúarbrögð vegna óorða sem þeir hafa fengið á sig sem hryðjuverkamenn í heiminum.

Heimildaskrá

- Algeria. „The History of the Pied Noirs.“ Sótt 23. apríl 2013.
<http://www.algeria.com/blog/the-history-of-the-pied-noirs>.
- Ancient. „Romans and Goths in late antique Gaul: Aspects of political and cultural assimilation in the fifth century AD.“ Birt 22. janúar 2012. Sótt 3 maí 2013.
<http://www.ancient.eu.com/article/305/>
- Berry, John W og Colette Sabatier. 2010. „Acculturation, Discrimination, and Adaption Among Second Generation Immigrant Youth in Montreal And Paris.“ *International Journal of INtercultural Relations* 34(3): 191-207. Sótt 21. apríl 2013. doi: 10.1016/j.ijintrel.2009.11.007
- Betts, Raymond F. 1998. *Decolonization*. London: Routledge
- Bénabou, Roland, Francis Kramarz og Corinne Prost. 2007 „The French Zones d'Éducation prioritaire: Much Ado About Nothing?“ *Economics of Education Review* 28: 345-356. Sótt. 10 apríl 2013. doi:10.1016/j.econedurev.2008.04.005.
- Bidoux, Pierre Emile. 2012.„ Les descendants d'immigrés se sentent au moins autant discriminés que les immigrés.“ *INSEE Institut National de la Statistique et des Études Économique*. Sótt 13. apríl 2013.
http://www.insee.fr/fr/themes/document.asp?reg_id=20&ref_id=19076.
- Bleich, Erik. (2001). „The French model: Color-blind integration. “ Ritstjóri J. D. Skrentny. *Color lines: Affirmative action, immigration, and civil rights options for America*. Chicago: University of Chicago Press.
- Bloor, Kevin. 2010. *The Deffinitive Guide to Political Ideologies*. Milton Keynes UK: Author House
- Body-Gendrot, Sophie. „Police Marginality, Racial Logics and Discrimination in the Banlieus of France.“ *Ethnic and Racial Studies* 33(4): 656-674. Sótt 26. mars 2013. doi: 10.1080/01419870903348646
- Canet, Raphaël, Laurent Pech og Maura Stewart. 2008. „France's Burning Issue: Understanding the Urban Riots of November 2005.“ *Social Science Research Network*. Sótt 22. apríl 2013. doi: 10.2139/ssrn.1303514

- Capital. „La Vie de Pacha Des Patrons De La Sonacotra.“ Birt 23. júní 2011. Sótt 22. apríl 2013. <http://www.capital.fr/enquetes/derapages/la-vie-de-pacha-des-patrons-de-la-sonacotra-607926>
- Chrisafir, Angelique. 2011. Wiles, Paul. 1993. „Franch burqua ban. Women are effectively under house arrest.“ *Guardian* 19 september. Sótt 3. maí 2013. <http://www.guardian.co.uk/world/2011/sep/19/battle-for-the-burqa>
- Chrisafis, Angelique. 2010. „ Immigration: France sees tensions rise five years on from Paris riots.“ *The Guardian*. 10. nóvember. Sótt 22. apríl 2013. <http://www.guardian.co.uk/world/2010/nov/16/france-racism-immigration-sarkozy>.
- Engler, Marcus. 2007. „France.“ *Focus Migration*. Sótt 6. apríl 2013. <http://focus-migration.hwwi.de/France.1231.0.html?&L=1>.
- Epstein, Beth S. 2012. „When Opportunity Moves Off-Shore: Multiculturalism and the French Banlieu.“ EASA Workshop 2012. Sótt 30. apríl 2013 http://scholarworks.umass.edu/chess_easa/2/
- Gilles Durupt. „SOS Racisme. On Aime Tous la Même Pays.“ Sótt 22. apríl 2013. http://www.gillesdurupt.com/2/sos_racisme.html.
- Guardian. 2011. „France begins ban on niqab and burqua.“ Birt 11. apríl 2013. Sótt 3. maí 2013. <http://www.guardian.co.uk/world/2011/apr/11/france-begins-burqa-niqab-ban>
- History World. „History of Algeria.“ Sótt 23. apríl 2013. <http://www.historyworld.net/wrldhis/plaintexthistories.asp?historyid=ac92>.
- Hussey, Andrew. 2013. „ Algiers: a City Where France is the Promised Land – and Still the Enemy.“ *The Guardian*. 27. janúar. Sótt 23. apríl 2013. <http://www.guardian.co.uk/world/2013/jan/27/algeria-france-colonial-past-islam>.
- INSEE Institut National de la Statistique et des Études Économique. „Immigrés et Descendants d'Immigrés en France.“ Uppfært 10. október 2012. Sótt 12. apríl 2013. http://www.insee.fr/fr/publications-et-services/default.asp?page=abonnements/dossiers_actualite/situation-des-immigres.htm
- Juhem, Philippe. 1998. *SOS Racisme: Histoire d'une mobilisation «apolitique» Contribution à une Analyse des Trasformation des Représentations Politques Après 1981*. L'Université de Nanterre

- Jobard, Fabien og René Lévy. 2011. „Racial Profiling: The Parisian Police Experience.“ *Canadian Journal of Criminology and Criminal Justice*. Sótt 18 apríl 2013. Doi: 10.3138/cjccj.53.1.87
- Kirzbaum, Tomas, Yaël Brinbaum og Patrick Simon, með Esin Gezer. 2009. „The Children of Immigrants in France: The Emergence of a Second Generation.“ *Innocenti Working Paper*, númer 2009-13. Florence: UNICEF Innocenti Research Centre.
- Knapp, Andrew. 2006. *The Government and Politics of France*. New York: Routledge.
- Kovacs, Stéphane. 2012. „France: 12 millions d'immigrés et d'enfants d'immigrés.“ *Le Figaro*. 10. október. Sótt 22. apríl 2013. <http://www.lefigaro.fr/actualite-france/2012/10/10/01016-20121010ARTFIG00262-immigration-les-chiffres-de-l-insee.php>.
- Kyte, George W. 1946. „War Damage and Problems of Reconstruction in France, 1940-1945.“ *Pacific Historical Review* 15(4):417-426. Sótt 4. apríl 2013. doi:10.2307/3635778
- Lewis Historical Society. „Migration push/pull factors.“ Birt 2 maí 2012. Sótt 19. apríl 2013. http://lewishistoricalsociety.com/wiki2011/tiki-read_article.php?articleId=28.
- Legifrance. „Lög númer 96-987.“ Sótt 10 apríl 2013. <http://www.legifrance.gouv.fr/affichTexte.do?cidTexte=JORFTEXT000000196404&dateTexte=&categorieLien=id>.
- Mallon, Ron. 2010. „Sources of Racialism.“ *Journal of Social Philosophy* 41(3): 272-292. Sótt 20. apríl 2013. doi: 10.1111/j.1467-9833.2010.01498.x
- McPartland, Ben. 2013. „Islamophobia has Become Trivialised in France.“ *The Local*. 15. febrúar. Sótt 23. apríl 2013. http://www.thelocal.fr/page/view/islamophobia-has-become-trivialised-in-france#.UX_T4YL9p7w.
- Melun - Val de Seine. „L'Immigration : les vrais chiffres.“ Birt 19 mars 2012. Sótt 10. apríl 2013. <http://melun-valdeseine.eelv.fr/2012/03/19/limmigration-les-vrais-chiffres-apres-la-soiree-debat-du-14-mars>.
- Ministère de l'Économie et des Finances. „Les Trentes Glorieuses.“ Uppfært 22. desember 2011. Sótt 6. apríl 2013. <http://www.economie.gouv.fr/facileco/trente-glorieuses>.
- Noiriel, Gérard. 1988. *Le Cruiset Français: Histoire de l'Immigration XIXe-XXe Siècle*. France: Seuil.

- OFFI Office Française de l'Immigration et de l'Intergration. „Notre Histoire.“ Sótt 6. apríl 2013. http://www.ofii.fr/qui_sommes-nous_46/notre_histoire_22.html.
- Portes, Alejandro. 1997. „Immigration Theory for a New Century: Some Problems and Opportunities.“ *The International Migration Review*. 31(4):799-824.
- RFII. 2013 „Racism and xenophobia on the rise in France“ 22 mars. Sótt 3 maí 2013. <http://www.english.rfi.fr/node/146684>
- Sameinuðu Þjóðirnar. „The Universal Declaration of United Nations.“ Sótt 30. apríl 2013. <http://www.un.org/en/documents/udhr/>
- Simon, Patrick. 1998. „Ghettos, Immigrants, and Intergration the French Dilemma.“ *Netherlands Journal of Housing and the Built Environment* 13(1): 41-61. Sótt 4. apríl 2013. doi: 10.1007/BF02496933.
- Simon, Patrick. 2012. *French National Identity and Intergration: Who Belongs to the National Community?* Washington, DC: Migration Policy Institute.
- SOS Racisme. „Historique.“ Sótt 22. apríl 2013. <http://www.sos-racisme.org/sos-racisme/historique>
- SOS Racisme. „Presentation.“ Sótt 22. apríl 2013. <http://www.sos-racisme.org/content/presentation>
- SOS Racisme. „Nos Valeurs Nos Combats.“ Sótt 22. apríl 2013. <http://www.sos-racisme.org/content/nos-valeurs-nos-combats>
- Telegraph. „Nicolas Sarkozy Threatens to Strip citizenship from Immigrants who Target Police.“ Birt 30. júní 2010. Sótt 3. maí 2013. <http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/europe/france/7919011/Nicolas-Sarkozy-threatens-to-strip-citizenship-from-immigrants-who-target-police.html>.
- US Europeans. „City Guerella.“ Sótt 12. apríl 2013. <http://www.photologix.nl/useuropeans/?post=126>.
- Wiles, Paul. 1993. „Ghettoization in Europe?“ *European Journal on Criminal Policy and Research* 1(1):52-69. Sótt 19. apríl 2013. doi: 10.1007/BF02249524.